



Ársskýrsla

Ungmennafélags Selfoss
starfsárið 2011





Ársskýrsla

Ungmennafélags Selfoss starfsárið 2011

Skýrsla stjórnar	2	Frjálsíþróttadeild	51
<i>Skýrslur deilda:</i>		Handknattleiksdeild	52
Fimleikadeild	5	Unglingaráð handknattleiksdeilda	53
Frjálsíþróttadeild	10	Handboltaakademía	54
Handknattleiksdeild	15	Júðódeild	55
Júðódeild	20	Knattspyrnudeild	56
Knattspyrnudeild	23	Unglingaráð knattspyrnudeilda	58
Mótokrossdeild	30	Mótokrossdeild	59
Sunddeild	32	Sunddeild	60
Taekwondodeild	34	Taekwondodeild	61
Kraftlyftinganefnd.....	36	Kraftlyftinganefnd.....	62
Íþróttavallarnefnd	37	Minjaverndarsjóður knattspyrnudeilda.....	63
Íþrótt- og útivistarklúbburinn	38	Lög Ungmennafélags Selfoss	64
Jólasveina- og þrettándanefnd	38	Viðurkenningar á aðalfundi 26. apríl 2012	66
Afmælisnefnd	39	Björns Blöndal bikarinn	66
<i>Reikningar félags og deilda 2011:</i>		UMFÍ bikarinn – deild ársins	66
Framkvæmdastjórn	41	Hafsteins bikarinn	66
Samtæðureikningur Umf. Selfoss	44	Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar	67
Rekstur íþróttavallarsvæðis	47	Formenn Umf. Selfoss frá upphafi	67
Fimleikadeild	49	Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi	67
Fimleikaakademía	50	Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2011	68



Innan Ungmennafélags Selfoss starfa nú átta deildir, en þær eru: fimleikadeild, frálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, mótókrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild og fimleikadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar rekstrareiningar. Félagið á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins kraftlyftinganefnd og jólasveina- og þrettándanefnd. Þann 20. október 2011 var stofnað sérstakt þríþrautaráð innan sunddeildar. Afmælisnefnd félagsins starfaði á árinu en hennar hlutverk var að sjá um undirbúning og framkvæmd 75 ára afmælis félagsins.

Hefðbundin mót og viðburðir

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu og hefð. Fimleikadeild hélt Minningarmót Magnúsar Arnar Garðarssonar í maí og jólasýningu í desember, frjálsíþróttadeild hélt Grýlupottahlaupið í apríl og maí, Brúarhlaupið í byrjun september og Hafsteinsmótið í desember, handknattleiksdeild hélt Landsbankamótið í apríl og Ragnarsmótið í september, júdódeild stóð fyrir HSK-móti í desember, knattspyrnudeild hélt Guðjónsmótið, sem er firmakeppni, í febrúar og Olismótinu á ágúst, sunddeild hélt Þórðarmótið í lok október og taekwondodeild hélt HSK-mótið í maí. Jólasveinanefnd stóð fyrir jólasveinakomu í bæjargarðinum um miðjan desember og þrettándabrennu og flugeldasýningu á þrettándanum.

75 ára afmæli Umf. Selfoss

Ungmennafélag Selfoss átti 75 ára afmæli 1. júní 2011, en félagið var stofnað 1936. Sérstök afmælisnefnd sá um undirbúning og framkvæmdir í tilefni afmælisins. Á sjálfan afmælisdaginn kom út veglegt 100 síðna afmælisblað sem dreift var í öll hús í sveitarfélaginu. Blaðinu var einnig dreift á alla hlestu opinbera staði á Suðurlandi. Í blaðinu var

blanda af gömlu og nýju efni sem féll vel í kramið hjá ungum sem öldnum Selfyssingum. Í blaðinu var einnig kynning á starfi allra deilda félagsins.

Afmælishóf fyrir stjórnir, nefndir og velunnara félagsins var haldið í hátíðasal Fjölbrotaskóla Suðurlands þar sem m.a. voru veitt gull- og silfurmerki félagsins. Fjórir einstaklingar voru sæmdir gullmerki félagsins, en það voru þau Einar Jónsson, Gísli Á. Jónsson, Elínborg Gunnarsdóttir og Sveinn J. Sveinsson. Fjörtán voru sæmd silfurmerki, Einar Guðmundsson, Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Hallur Halldórsson, Helgi Sigurður Haraldsson, Kristinn Marínó Bárðarson, Olga Bjarnadóttir, Ragnheiður Thorlacius, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Svanur Ingvarsson, Sveinn Jónsson, Þórarinn Ingólfsson, Þuríður Ingvarsdóttir og Þröstur Ingvarsson. Nokkrir góðir gestir fluttu ávörp, þ. á m. Grímur Hergeirsson, formaður Umf. Selfoss, Kristinn M. Bárðarson, formaður afmælisnefndar, Grímur Arnarson, formaður Íþrótt- og tómsundaráðs Árborgar, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, Sigríður Jónsdóttir, úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Gylfi Orrason, varaformaður KSÍ og Vésteinn Hafsteinsson frjálsíþróttapjálfari. Eftirtaldir viðurkenningar voru veittar í afmælishófinu: ÍSÍ sæmdi Helga S. Haraldsson gullmerki ÍSÍ og Olgu Bjarnadóttur, Svan Ingvarsson og Hall Halldórsson silfurmerki ÍSÍ. Einnig fékk fimleikadeild Umf. Selfoss afhenta endurnýjun á gæðaviðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndardeild. UMFÍ sæmdi Guðmund Tryggva Ólafsson og Ófeig Ágúst Leifsson starfsmerki UMFÍ. HSK sæmdi Helga S. Haraldsson silfurmerki HSK.

Afmælisveisla með pylsum og Kókómjólki og ýmsu sprelli var síðan haldin á íþróttavellinum daginn eftir. Fjölmenni var á íþróttavallarsvæðinu við Engjaveg, en dagskráin hófst um kl. 11. Þar gátu ungir sem alnir tekið þátt í fótbolta, frjálsum og fimleikum. Taekwondoiðkendur og þjálfarar sýndu ýmsar æfingar og spörk sem hægt var að spreyta sig á. Þá fengu krakkarnir afhenta áritað dvd-diska með knattþrautum KSÍ. Á eftir var öllum boðið upp á grillaðar pylsur og Kókómjólki.



Aðalfundurinn og íþróttafólk ársins

Aðalfundur félagsins var haldinn í Tíbrá 28. apríl. Í skýrslu stjórnar kom m.a. fram að heildarvelta félagsins 2010 var yfir 200 milljónir og hagnaður án fjármagnsliða var um 1,3 milljónir. Íþróttafólk Umf. Selfoss 2010 fékk afhentar viðurkenningar, en það voru Ragnar Jóhannsson, hanknattleiksmaður og Guðmunda Brynja Óladóttir, knattspyrnukona.

Rekstur íþróttavallarsvæðisins

Í byrjun árs samdi aðalstjórn við knattspyrnudeild um áframhaldandi rekstur íþróttavallarsvæðisins við Engjaveg og gilti samningurinn út árið. Jafnframt var íþróttavallarnefnd endurvakin, en hún hafði yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins og starfaði í umboði framkvæmdastjórnar. Í vallarstjórn voru tveir frá knattspyrnudeild og tveir frá frjálsíþróttadeild, auk Gríms Hergeirssonar, formanns Umf. Selfoss, en hann var jafnframt formaður nefndarinnar. Gafst starf nefndarinnar mjög vel og leysti hún sameiginlega úr ýmsum málum er upp komu. Rekstur nýja frjálsíþróttavallarins bættist nú við annan rekstur vallarsvæðisins. Hinn knái og skeleggi Sveinbjörn Másson var sem fyrr vallarstjóri og fórst það starf vel úr hendi.

Nýtt æfingahúsnæði

Júddóeild sá sem fyrr um rekstur æfingahúsnæðisins í Gagnheiði 3 þar sem júddóeild og taekwondodeild hafa haft æfingaaðstöðu. Í október flutti júddóeildin starfsemi sína í íþróttasal Sandvíkurskóla og í byrjun árs 2012 flutti taekwondodeild í nýtt æfingahúsnæði í íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla. Í báðum tilfellum var um gjörbreytta og betri aðstöðu að ræða. Samningur júddóeildar var yfirfærður á Sandvíkursalinn og sér deildin um rekstur hans. Taekwondodeildin hafði umsjón með húsnæðinu í Gagnheiði eftir að júddóeildin flutti og fram til áramóta. Taekwondosalurinn í Sunnulaekjarskóla er rekinn sem hluti af íþróttahúsnæði skólans.

Árangursríkt íþróttastarf

Íþróttastarf félagsins hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og skilað sér í auknum og betri árangri. Fjöldi keppniliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur ár hvert þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum, og árangurinn verður betri með hverju árinu. Hæst ber að líkindum árangur knattspyrnuliða félagsins, en bæði meistaraflokkur karla og kvenna náðu að vinna sér sæti í efstu deild, Pepsi-deildinni, stelpurnar í fyrsta skipti í sögu félagsins. Nokkrir Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitlar unnust í yngri flokkum í handknattleik og þá unnu fimleikahópar einnig nokkra titla. Í einstaklingsíþróttum eins og frjálsum, júddó, kraftlyftingum, mótokrossi, sundi og taekwondo unnust margir Íslandsmeistara- og hérðasmeistaratitlar. Þá náðu nokkrir einstaklingar og lið frá félaginu góðum árangri í keppnum erlendis. Eins má geta þess að fjöldi ungmenna úr Umf. Selfoss var valinn á æfingar hjá yngri landsliðshópum Íslands. Nokkrir spiluðu opinbera landsleiki í flokkaíþróttum. Sama á við um einstaklinga sem kepptu í einstaklingsíþróttum

Fjöldi funda

Félagslega hefur Umf. Selfoss vaxið og eflst ár frá ári. Margar deildir byggja starf sitt á traustum grunni þar sem þaulreynt félagsmálafólk og þjálfarar standa í stafni. Þar hafa margir einstaklingar lagt fram ómetanlegt samfélagslegt starf. Nýir félagar koma þó stöðugt til starfa sem gefur félaginu ferskan blæ.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 15 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 10 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi a.m.k. einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Þá sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, HSK, og fleiri aðilum.

Á haustmánuðum tók handknattleiksdeild upp sérstakar siðareglur sem stefnt er að taka upp fyrir félagið allt.



Samningur við Errea

Fyrri part árs náðist samstaða innan allra deilda félagsins, líkt og gert var fyrir fjórum árum, um að gera sameiginlegan samning við einn aðila um búningakaup. Í byrjun júní var undirritaður samningur við Safalann ehf. um að félagið klæddist Errea búningum. Samningurinn sem er til fjögurra ára er félaginu í heild mjög hagstæður.

Íþrótt- og útivistarklúbburinn

Íþrótt- og útivistarklúbburinn var rekinn í júní og júlí líkt og undanfarin ár. Klúbburinn er fyrir börn á aldrinum 5–10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg.

Uppbygging íþróttamannvirkja

Mikil uppbygging íþróttamannvirkja hefur átt sér stað á Selfossi undanfarin ár og var henni framhaldið á árinu. Nýr frjálsíþróttavöllur var formlega tekinn í notkun á Vormóti HSK 22. maí. Með honum hefur æfinga- og keppnisaðstaða frjálsíþróttafólks tekið stakkaskiptum, en völlurinn er nú að verða einn af bestu frjálsíþróttavöllum landsins. Knattspyrnuvöllurinn, sem unninn var af mikilli kostgæfni, skilaði hlutverki sínu frábærlega og er hann jafnframt að verða einn af bestu grasvöllum landsins. Nýja stúkan þjónaði líka sínu hlutverki vel og er aðstaða áhorfenda allt önnur og betri. Nokkrir gamlir klárar fara þó alltaf í grasbrekkuna hinum megin, líklega af gömlum vana.

Einn landsleikur í knattspyrnu var á hinum nýja Selfossvelli sl. haust, en þá unnu stelpurnar í U19 landsliði Íslands

Kasakstan 3:0. Það tók Guðmundu Brynju Óladóttur, framherja frá Selfossi, ekki nema 20 sekúndur að skora fyrsta mark Íslands.

Íþróttafólk ársins 2011

Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var í lok árs voru þau Jón Daði Böðvarsson, knattspyrnumaður, og Guðmunda Brynja Óladóttir, knattspyrnukona, útnefnd íþróttakarla og íþróttakona Árborgar 2011. Fjóra Signý Hannesdóttir, frjálsíþróttakona, var valin íþróttamaður HSK 2011. Hér aftur í ársskýrslunni kemur fram að Fjóla Signý og Jón Daði voru valin íþróttamaður og íþróttakona Umf. Selfoss 2011.

Félagsstarf

Mikið sjálfbóðaliðastarf er unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða. Margir njóta þess að taka þátt í félagsstarfinu og styðja um leið við íþróttastarf barna sinna.

Getraunastarf hefur að vanda verið mjög öflugt innan knattspyrnudeildar á árinu. Á hverjum laugardegi hittist hópur fólks í félagsheimilinu Tíbrá og tippaði yfir kaffibolla og góðu meðlæti.

Stór verkefni

Um verslunarmannahelgina 2012 verður 15. Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Selfossi. Selfyssingar, sem og aðrir Sunnlendingar, búast við stóru móti og ríkir mikil eftirvænting og tilhlökkun fyrir það.

*F.h. framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss
Grimur Hergeirsson formaður
Örn Guðnason framkvæmdastjóri*



Skýrsla stjórnar starfsárið 2011

Á aðalfundi fimleikadeildar Umf. Selfoss sem haldinn var 30. mars 2011 voru eftirtaldin kosnir í stjórn: Birgir Ásgeir Kristjánsson, formaður, Silja Sigríður Þorsteinsdóttir, gjaldkeri, Ingunn Guðjónsdóttir, Óskar Andreasen, Sævar Gunnarsson, Kristjana Hallgrímsdóttir og Sigurveig Sigurðardóttir, meðstjórnendur. Guðfinna Tryggvadóttir og Ástfríður Sigurðardóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum. Sævar Gunnarsson var kosinn varaformaður og Ingunn Guðjónsdóttir ritari.

Helstu verkefni stjórnar

Fastir stjórnarfundir voru í fyrstu viku hvers mánaðar á meðan á æfingum stóð og voru fundirnir haldnir í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss. Yfirþjálfari deildarinnar, Olga Bjarnadóttir, sat stjórnarfundinum meðan fjallað var um málferni sem sérstaklega snertu starf hennar.

Stjórn deildarinnar hefur yfirumsjón með fjáröflunum deildarinnar sem er sala á SÁÁ-álfnum að vori og friðarkertum Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir jólin. Iðkendur hafa verið ötulir við sölu undanfarin ár og gekk salan ágætlega á árinu. Fulltrúar deildarinnar sóttu fundi Fimleikasambands Íslands, ársþing HSK og aðalfund Umf. Selfoss. Þá sótti formaður deildarinnar fundi aðalstjórnar Umf. Selfoss sem haldnir voru að jafnaði mánaðarlega.

Fréttir af starfi deildarinnar

Vefur ungmennafélagsins er mikið sóttur og er góður vettvangur fréttu af starfi deilda félagsins. Rætt hefur verið um það í aðalstjórn félagsins að efla vefinn enn frekar og setja m.a. inn tengimöguleika fyrir facebook og twitter síður. Ef af eflingu heimasíðu félagsins verður mun það gagnast fimleikadeildinni vel þar sem margir hópar innan deildarinnar eru farnir að nota facebook síður til að miðla upplýsingum.

Styrkir

Fjármál deildarinnar hafa verið erfið undanfarin ár og þörf fyrir fjármagn mikil. Á síðustu árum hefur verið mun minna um ýmsa styrki sem hægt er að sækja um, heldur en var fyrir 2009, sem gerir reksturinn þyngri. Heldur hefur þó birt til í þeim eignum og hefur deildin m.a. gert samstarfssamning við Bónus sem hljóðar upp á 500.000 kr. á ári. Einnig hefur deildin verið í samstarfi við Bónus við vörutalningar og útvegað krakka til að raða í þoka fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins á álagstímum. Þessi samningur er deildinni mjög mikilvægur og vonandi mun samstafið ganga vel áfram. Þá hefur Íslandsbanki einnig styrkt deildina vel, en bankinn hefur verið einn af aðalstyrktaraðilum deildarinnar um nokkurt skeið. Ennfremur hafa fjölmörg önnur fyrirtæki í sveitarfélaginu veitt okkur stuðning á ýmsan hátt og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Þó svo rekstur deildarinnar hafi verið neikvæður á síðasta ári er framtíð deildarinnar björt og mikið af tækifærum til staðar til að rétta reksturinn við. Það er þó alveg ljóst að til þess að svo megi verð þarf að vera vakandi fyrir tækifærum og það kostar oft talsverða vinnu að nýta þau tækifæri sem bjóðast.

Húsnæðismál

Baula, íþróttahús Sunnulaekjarskóla, var byggt með æfingaaðstöðu fyrir fimleika í huga. Með tilkomu nýja húsnæðisins í Baulu gjörbreyttist aðstaða deildarinnar eins og flestir þekkja og hefur það án efa átt stóran þátt í þeirri miklu framþróun sem fimleikar á Selfossi eru í. Á síðasta ári var hinsvegar farið að þrængja verulega að starfsemi. Tvö síðastliðin haust hefur því miður ekki verið hægt að taka við öllum börnum sem vildu æfa fimleika og mynduðust því biðlistar af krökkum sem vildu æfa. Á efri hæð í Baulu er rými sem hugsað er sem búningssklefar fyrir væntanlega sundlaug við skólann. Fyrir ári síðan var þetta rými rétt rúmlega fókelt og algerlega tóm. Því kom sú hug-



mynd upp að þetta rými mætti nýta til upphitunar fyrir hópa og einnig til dansæfinga og myndi þannig létta miklu álagi af æfingasalnum. Síðastliðið vor lét fimleikadeildin gera kostnaðaráætlun fyrir standsetningu rýmisins og bauð bæjarstjórn Árborgar í heimsókn þar sem starfsemi deildarinnar var kynnt bæjarfulltrúum ásamt þeim möguleikum sem deildin sá í þessu ónýtta húsnæði. Það má kannski segja að þetta hafi snúist nokkuð í höndum okkar því það varð úr að Sveitarfélagið innréttaði efri hæðina eins og fimleikadeildin lagði til, en í stað þess að nýta rýmið til að létta álaginu á fimleikasalnum afhenti sveitarfélagið taekwondo-deild UMFS rýmið og leysti þannig úr húsnæðisvanda þeirrar deildar. Þessi lausn er þó ekki alsælmi fyrir fimleikadeildina því taekwondo-deildin fullnýtir ekki salinn og getur fimleikadeildin nýtt sér salinn þegar hann er laus. Mikilvægt er að deildirnar tvær hafi samráð sín á milli fyrir næstkomandi haust um niðurröðun tíma þannig að nýta megi salinn uppi sem best og báðar deildir geti notið aðstöðunnar.

Foreldraráð

Foreldraráð hafa verið starfrækt í nokkrum hópum innan deildarinnar. Hlutverk foreldraráða er að standa vörð um hagsmuni iðkenda, efla samskipti milli foreldra annars vegar og stjórnar deildarinnar og þjálfara hins vegar, stuðla að vellíðan iðkenda í leik og starfi, stuðla að betri árangri, standa að baki iðkendum við fjáraflanir og hafa áhrif á starf iðkenda og aðbúnað.

Foreldraráðin í elstu hópnum hafa verið mjög virk og staðið frábærlega við bakið á hópnum, t.d. við fjáraflanir vegna æfinga- og keppnisferða. Foreldraráð yngri flokka hafa mætti efla. Þó þeir flokkar séu kannski ekki í mikilli fjáröflun þá geta foreldraráðin aðstoðað við að þetta viðkomandi hóp með ýmsum hætti og aukði þannig á ánægju iðkenda sem skilar sér iðulega í betri árangri líka.

Iðkendur og æfingar

Heildaræfingatími hópa á viku er mismunandi, frá einni klukkustund á viku upp í tíu klukkustundir, eftir aldri og getu iðkenda. Á síðasta ári voru iðkendur um 400 talsins og hefur þeim fjölgað á milli ára. Mikið ánægjuefni er að sjá

að ekki hefur orðið fækkun í deildinni þrátt fyrir erfitt efnahagsástand í þjóðfélaginu. Sú hætta vofir þó enn yfir barna- og unglingastarfi íþróttafélaga landsins.

Hjá deildinni störfuðu á síðasta ári 15 þjálfarar og 13 aðstoðarþjálfarar.

Parkour

Árið 2010 fór deildin af stað með reglubundnar æfingar í Parkour sem er einskonar jaðaríþrótt fimleikanna. Parkour felst meðal annars í því að hlaupa upp vegg, hoppa yfir girðingar og taka heljarstökk afturábak niður af byggingum. Íþróttin nýtur vaxandi vinsælda hér á landi og er æft í tveimur parkour hópum hjá deildinni. Þessi nýjung hefur orðið til þess að strákum hefur fjölgað í deildinni þar sem þeir eru í miklum meirihluta iðkenda parkour.

Fullorðinsfimleikar

Þegar fimleikadeildin flutti í Baulu opnaðist möguleiki á að hefja æfingar fyrir fullorðna. Sú nýbreytni hefur sannarlega mælst vel fyrir og í dag æfa fullorðnir tvisvar í viku hjá deildinni.

Íþróttaskólinn

Fimleikadeildin starfrækti „Íþróttaskólann“ bæði að vori og hausti árið 2011, eins og undanfarin ár. Skólinn, sem er fyrir 2–4 ára börn, er undir stjórn Steinunnar H. Eggersdóttur kennara og þjálfara og Heiðrúnar Jóhönnu Heiðarsdóttur, íþróttafræðings. Aðsókn að skólanum hefur verið mjög góð og hefur þetta framtak deildarinnar mælist einkar vel fyrir hjá foreldrum og börnum. Nemendur í Íþróttaskólanum hafa líka skilað sér vel inn á æfingar þegar þeir hafa haft aldur til.

Mót og aðrir viðburðir

Auk æfinga taka iðkendur deildarinnar þátt í fjölmörgum mótum á ári hverju og síðasta ár var engin undantekning að því leyti. Fastir liðir í starfi deildarinnar er Minningar- mótíð og Jólasýningin. Fjallað er sérstaklega um þátttöku og árangur iðkenda á mótum árið 2011 í sérstakri samantekt hér aftar.



Minningamót

Hið árlega minningarmót um Magnús Arnar Garðarsson var haldið í 20. sinn sunnudaginn 8. maí. Alls tóku 16 hópar þátt frá fimleikadeildinni og hafa þeir aldrei verið fleiri. Mótið fór vel fram, en sá háttur er hafður á að allir hópar fá viðurkenningu fyrir sitt sterkasta áhald á mótinu. Það hefur lukkast vel og er greinilega komið til að vera. Á minningarmótinu veitir deildin einnig viðurkenningar til einstaklinga sem skarað hafa framúr á einhvern hátt á árinu. Veitt er viðurkenning til félaga ársins, en sá sem þann titil hlýtur hefur verið duglegur í félaginu og tryggur liðsfélagi í sínu liði. Hlaut Eva Þórisdóttir þennan titil að þesu sinni. Efnilegasti unglingurinn var valin Margrét Lúðvígsdóttir og fyrir framfarir og ástundun fékk Rakel Nathalie Kristinsdóttir viðurkenningu.

Jólasýning

Það var mikil stemning og troðfullt hús á öllum þremur jólasýningum fimleikadeildar Selfoss sem fram fóru laugar daginn 10. desember. Þema sýningarinnar að þessu sinni var Lína Langsokkur. Þar sem jólasýningar deildarinnar hafa verið gríðarlega vinsælar var ákveðið fyrir jólin 2010 að hafa þrjár sýningar í stað tveggja áður. Reyndist það mjög vel þannig að það fyrirkomulag var einnig viðhaft nú. Skemmst er frá því að segja að húsið var troðfullt á öllum þremur sýningunum. Vel á annað þúsund manns sóttu sýninguna sem tókst í alla staði vel. Sýningin, sem um fjögur hundruð börn tóku þátt í, þótti fjölbreytt og fjörug enda litríkir búnningar og skemmtileg sviðsmynd.

Ástrós Hilmarsdóttir fór með aðalhlutverkið, Línu Langsokk, og stóð sig frábærlega vel. Mörg atriði tókust einstaklega vel og var gaman að sjá strákana í deildinni, en þeir nutu sín vel í mörgum atriðum. Áhorfendur fögnuðu fimleikafólkinu vel, enda voru þau búin að leggja mikla vinnu á sig til að sýningin yrði sem flottust. Sögumaður var Guðfinna Gunnarsdóttir. Var þetta í fjórða sinn sem hún les fyrir deildina og fórst henni það vel úr hendi eins og í fyrri skiptin.

Uppsetning á sýningunni er alfarið í höndum þjálfara deildarinnar s.s. handrit, atriði, dans, tónlist, búningar, leikskrá og leikmynd, svo eitthvað sé nefnt.

Á milli sýninga stóð foreldraráð að venju fyrir kaffihúsa-stemningu í anddyri Vallaskóla þar sem hægt vara að kaupa súpu og brauð ásamt ýmsum öðrum varningi. Svo mikill var aðsóknin að anddyrið fylltist af fólki. Til að koma í veg fyrir að slík örtröð endurtaki sig þarf að skoða hvort ekki megi vera lengra hlé á milli sýninga þannig að sýningar-gestir á útleið komist út áður en áhorfendur á næstu sýningu fara að streyma að.

Jólasýning deildarinnar er orðin einn fjölsóttasti viðburðurinn á Selfossi og bíður fólk spennu eftir að sjá hvað verður tekið fyrir um næstu jól.

Jólablað

Fyrir síðustu jólasýningu var ákveðið að gefa út auglýsingablað með umfjöllun um sýninguna og fyrri sýningar deildarinnar. Þrátt fyrir að verkefnið hafi farið seint af stað gekk auglýsingasöfnun ótrúlega vel og úr varð mjög flott blað. Stefnt er að því að þetta verði árlegur viðburður fyrir jólasýninguna enda góð aðferð til að vekja athygli á sýningunni og starfi deildarinnar. Miðað við árangur fyrsta árgangsins eru miklir möguleikar á að gera blaðið afar veglegt og um leið afla tekna fyrir deildina. Hafa verður þó í huga að byrja þarf tímalega að leggja drög að blaðinu. Undurbúningur gæti hafist um miðjan október.

Fimleikamaður ársins

Á jólasýningunni var tilkynnt hver væri fimleikamaður ársins. Fimleikamaður ársins 2011 var Helga Hjartardóttir. Í lok árs lenti Helga svo í 3. sæti í kjöri íþróttakonu Sveitarfélagsins Árborgar.

Fimleikaakademía

Fimleikaakademían hefur verið starfrækt frá því í lok ágúst 2008. Vorið 2011 stunduðu 17 stelpur nám við fimleikaakademíu FSu. Haustið 2011 stunduðu 15 stelpur og einn strákur nám við akademíuna.

Fimleikadeild



Nemendur sækja tvær æfingar á viku í Baulu, íþróttasal Sunnulaekjarskóla. Þau æfa mikið einstaklingsbundið, setja sér markmið og fylgja þeim eftir með æfingaáætlunum. Einu sinni í viku stunda nemendur styrktarþjálfun undir leiðsögn sjúkráþjálfara og eru þær æfingar líka einstaklingsbundnar.

Aukið samstarf hefur verið á milli akademía FSu að undanförunu. Má þar nefna fræðslu til nemenda um ýmislegt sem viðkemur íþróttáfræðum. Mikil áhersla er lögð á reglusemi nemenda og góða ástundun íþróttá og skóla. Olga Bjarnadóttir hefur yfirumsjón með akademíunni. Arna Hjartadóttir starfar sem sjúkráþjálfari við akademíuna.

Áhaldakaup

Þrátt fyrir að tiltölulega stutt sé síðan deildin flutti í nýtt og fullbúið íþróttahús Sunnulaekjarskóla hefur reynst nauðsynlegt að endurnýja nokkuð af áhöldum enda er álagið mikið. Eins vegna þess að ekki voru öll áhöldin endurnýjuð við flutningana. Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt stökk-gólf, en gamla stökkgólfið var orðið lélegt og þoldi ekki hið mikla álag sem fylgir fimleikaiðkun í jafn öflugri deild og okkar. Í lok síðasta árs var síðan vígt nýtt trampólín sem deildin fékk að gjöf frá Íslandsbanka, en bankinn hefur verið styrktaraðili deildarinnar um árabil. Þegar ljóst var að nauðsynlegt var að endurnýja trampólínið fóru velunnarar deildarinnar af stað með fjárflyun með sölu á lakkris þar

sem fjárhagur deildarinnar leyfði ekki kaup á svo dýru áhaldi. Þegar Íslandsbanki frétti af söfnuninni ákvað bankinn að styrkja deildina um trampólínið og eru bankanum færðar bestu þakkir fyrir þá rausnarlegu gjöf. Um leið og þeim fjölmörgu iðkendum, sem lögðu á sig að selja lakkris og öllum þeim sem keyptu lakkris, eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt er rétt að geta þess að þeir geta verið þess fullvissir að ávinningurinn af sölnunni er enn óhreyfður og mun verða notaður til annarra áhaldakaupa sem mun nýtast iðkendum deildarinnar.

Frábær árangur

Iðkendum í fimleikum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og er iðulega margt um manninn í Baulu á æfingatíma þar sem ávallt eru nokkrir hópar að æfa í einu. Markvissar æfingar og dugnaður iðkenda hefur skilað sér í frábærum árangri á mótum. Á næstu síðu má sjá samantekt á árangri hópanna á þeim mótum sem tekið var þátt í á síðasta ári. Eins og sjá má er fimleikafólk á Selfossi í fremstu röð, sama hvort skoðaður er árangur meistarahóps deildarinnar eða árangur yngri iðkenda.

Þakkir

Að lokum vill stjórnin færir öllum þjálfurum deildarinnar bestu þakkir fyrir gott og óeigingjarnt starf á árinu.



Úrslit móta í hóp fimleikum 2011

Unglingamót 18.–20. febrúar

Úrvalsdeild

1. flokkur

Selfoss HM2 3. sæti samanl. 43,40 stig

2. flokkur kvk

Selfoss HM3 3. sæti samanl. 37,40 stig

2. flokkur mix

Selfoss HM4 1. sæti samanl. 33,35 stig

1. deild

3. flokkur

Selfoss HL1 3. sæti samanl. 21,55 stig

4. flokkur

Selfoss HL2 4. sæti samanl. 21,20 stig

5. flokkur

Selfoss HL4 2. sæti samanl. 21,25 stig

Selfoss HL5 3. sæti samanl. 20,95 stig

Selfoss HL7 4. sæti samanl. 20,45 stig

5. flokkur karlar/mix

Selfoss 2. sæti samanlagt 14,25 stig

Bikarmót 19. mars

Úrvalsdeild

2. flokkur mix

Selfoss HM4 1. sæti samanl. 32,73 stig

2. flokkur kvk

Selfoss HM3 3. sæti samanl. 38,63 stig

1. flokkur kvk

Selfoss HM2 2. sæti samanl. 39,45 stig

Meistaraflokkur

Selfoss HM1 2. sæti samanl. 45,73 stig

Bikarmeistarar á gólfi 15,58 stig

Byrjendamót Selfossi 19. mars

5. flokkur byrjendur

Selfoss HB1 3. sæti 16,40 stig

Selfoss HB2 6. sæti

Íslandsmót hóp fimleika 2. apríl

Undanúrslit

Kvennaflokkur

Selfoss HM1 Gólf 16,0 st./2. sæti, dýna

14,7 st./4. sæti, tramp 15,45 st./3. sæti

Samanlagt 46,15 stig

Selfoss HM3 7. sæti samanl. 39,75 stig

Selfoss HM2 8. sæti samanl. 39,65 stig

Blönduð lið

Selfoss HM4 mix 1. sæti 31,95 stig

HSK mót 9. apríl

5. flokkur byrjendur

Selfoss HB1 1. sæti 17,40 stig

Selfoss HL8 3. sæti 15,55 stig

5. flokkur

Selfoss HL4 1. sæti 21,70 stig

Selfoss HL5 2. sæti 21,20 stig

Selfoss HL7 3. sæti 19,85 stig

4. flokkur

Selfoss HL2 1. sæti 21,0 stig

3. flokkur

Selfoss HL1 1. sæti 20,90 stig

2. flokkur

Selfoss HM2 1. sæti 39,50

2. flokkur mix

Selfoss HM4 1. sæti 36,45 stig

1. flokkur

Selfoss HM2 1. sæti 39,85 stig

Íslandsmót í fjölþraut 15. apríl

Selfoss HM1 3. sæti samanl. 45,05 stig

Íslandsmót á áhöldum 16. apríl

Dýna 3. sæti 14,7 stig

Tramp 2. sæti 15,6 stig

Minningarmót 8. maí

Allir hópar kepptu og fengu verðlaun fyrir sitt besta áhald.

Vormót FSÍ 14.–15. maí

1. deild

3. flokkur

Selfoss HL1 2. sæti samanl. 21,75 stig

4. flokkur

Selfoss HL2 6. sæti samanl. 18,95 stig

5. flokkur kvk

Selfoss HL4 1. sæti samanl. 21,6 stig

Selfoss HL7 5. sæti samanl. 18,95 stig

Selfoss HL5 6. sæti samanl. 18,75 stig

5. flokkur karlar og mix

Selfoss mix 1. sæti samanl. 14,75 stig

Hautsmót FSÍ 28.–30. október

Úrvalsdeild

1. flokkur kvk

Selfoss HM2 2. sæti 42,80 stig

1. flokkur mix

Selfoss HM4 1. sæti 30,05 stig

Íslandsmót í almennum fimleikum

12.–13. nóvember

Meistaramót pílta

Ægir Atlason, gólf 1. sæti 8,7 st., dýna

1. sæti 8,5 st., tramp 1. sæti 8,4 st.,

stökk 1. sæti 8,6 st

Skúli Darri Skúlason, gólf 2. sæti 8,650

st., dýna 5. sæti 6,75 st., tramp 9. sæti

7,20 st.

Haraldur Gíslason, dýna 5. sæti 6,75 st.,

tramp 6. sæti 7,5 st.

Eysteinn Máni Oddsson, dýna 3. sæti

7,0 st., tramp 2. sæti 8,2 st.

Tryggvi Þórisson, gólf 5. sæti 8,1 st.,

dýna 8. sæti 6,05 st.

Konráð Oddgeir Jóhannsson, tramp 3.

sæti 8,05 st.



Formannspistill

fluttur á aðalfundi frjálsíþróttadeildar 27. mars 2012

Árið 2011 var eitt það besta í sögu deildarinnar, sama hvort litið er á það fjárhagslega eða árangurslega, eða á annan hátt. Rekstur deildarinnar hefur sjaldan gegnið betur. Rekstrarafgangur ársins hefur sjaldan verið meiri og þá er eignastaða deildarinnar mjög góð.

Margt hefur hjálpast að til að skapa þennan árangur. Fjölgun hefur verið mikil í hópi iðkenda, fjáraflanir hafa gengið vel og margir góðir styrkir fengist. Án þess að á neinn sé hallað ber sérstaklega að nefna góða gjöf frá Vésteini Hafsteinssyni, sem hann afhenti deildinni á 75 ára afmæli Ungmennafélags Selfoss. Um leið og hann afhenti frjálsíþróttadeildinni gjöf að upphæð 500 þúsund krónur, sagði hann m.a. að hann teldi sér skylt að styðja eins og vel og hann gæti við sitt uppeldisfélag og þakka fyrir þann góða stuðning sem hann alla tíð fékk hjá deildinni. Einnig hefur hann boðist til að aðstoða íþróttafólk okkar við keppnis- eða æfingaferðir til Svíþjóðar. Það er virkilega gaman að eiga svona góðan velgjörðarmann og finna að hann fylgist með okkur úr fjarlægð og er alltaf tilbúinn að aðstoða ef hann getur.

Tímamótaár

Síðastliðið ár var tímamótaár í sögu frjálsra íþróttá á Selfossi, þegar loks var tekinn í notkun nýr frjálsíþróttavöllur á Selfossi, fullbúinn völlur með öllum áhöldum sem á slíkum velli eru nauðsynleg. Þetta hafði strax mikil áhrif á aukningu iðkenda hjá deildinni og alla aðstöðu þjálfara til þjálfunar. Fjöldmörg mót fóru fram á velli sumrar. Má þar m.s. nefna vígslumót vallarins og Meistaramót Íslands, aðalhluta, sem tókst með miklum ágætum. Veðurguðirnir hefðu þó mátt vera okkur hliðhollari. En þrátt fyrir það var það skoðun íþróttamanna og þjálfara að Selfossvöllur væri einn besti, ef ekki besti frjálsíþróttavöllur landsins. Er óhætt að segja að maður hafi fyllst stolti að heyra þau ummæli viðhöfð.

Ýmislegt er ófrágent á vallarsvæðinu en áfram verður haldið og í sumar verður farið í ýmsan frágang á opnum svæðum, göngustígum, trjám plantað o.s.frv. Einnig hefur í nýlegum samningi Umf. Selfoss við Sveitarfélagið Árborg, verið tryggt aukið fjármagn til reksturs vallarins svo að mótahald o.fl. gangi betur í framtíðinni. Þá verður hafist handa í sumar við innréttingu á salernisaðstöðu og sex búningssklefum undir stúkunnni við knattspyrnuvöllinn.

50 ára afmæli frjálsíþróttadeildar

Á árinu 2012 fagnar frjálsíþróttadeildin 50 ára afmæli sínu, en hún var stofnuð 15. maí 1962. Stefnt er að því að minnast þess á ýmsan hátt á árinu, m.a. með því að færa Grunnskólamót Árborgar á nýjan völlinn í kringum afmælið í maí.

Björt framtíð

Framtíð frjálsra íþróttá á Selfossi er björt. Þar á betri aðstoða stóran þátt, góð fjárhagsstaða, reynslumikið stjórnarfolk og góðir þjálfarar, sem hafa starfað fyrir deildina til fjölda ára.

Þakkir

Að lokum ber að þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á sl. ári, með einum eða öðrum hætti, stjórnarmönnum, þjálfurum, keppendum og ekki síst öllum foreldrum og forráðamönnum sem lagt hafa hönd á plóg í starfi deildarinnar. Sérstakar þakkir fá Páll Leó Jónsson og Írisi Sigríð Guðmundsdóttir fyrir samstarfið, en þau hverfa nú úr stjórn eftir margra ára setu.

Helgi S. Haraldsson, formaður



Sumarið 2011 – meistaraflokkur

Sumarið 2011 var mjög gott íþróttalega hjá frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss. Mikil breyting varð á æfingum deildarinnar með tilkomu frjálsíþróttavallarins sem er án efa einn af þeim bestu á landinu. Árangur sumarsins var glæsilegur og óteljandi héraðs- og Selfossmet litu dagsins ljós hjá iðkendum deildarinnar. Iðkendur meistaraflokks unnu marga Íslandsmeistararitla, auk Bikarmeistararitla, Unglingalandsmótstitla og héraðmeistararitla.

Fjóla Signý Hannesdóttir Selfossi var valin í landslið Íslands. Hún keppti í þremur greinum í Evrópubikarkeppni landsliða sem haldið var í byrjun júní á Laugardalsvelli. Hún hljóp 400 m fyrri keppnisdaginn og stóð sig frábærlega, hljóp á 57,52 sek. Seinni daginn keppti Fjóla í 100 m grindahlaupi. Hún hljóp vel og sigraði sinn riðil örugglega. Tími hennar var 14,93 sek. Fjóla Signý var svo í sveit Íslands í 4x400 m boðhlaupi sem hljóp glæsilega til silfurverðlauna á tímanum 3:48,81 mín.

Héraðsmótið var haldið var á Selfossvelli 21.–22. júní. Seflyssingar komu mjög sterkir til leiks og sigruðu stigakeppni liðanna með miklum yfirburðum. Selfossliðið krækta sér í 13 gullverðlaunum, 12 silfurverðlaunum og 10 bronsverðlaunum. Fjóla Signý stóð sig best allra þegar hún vann til sex gullverðlauna. Anna Pálsdóttir stóð sig einnig mjög vel, en alls vann hún til þriggja gullverðlauna. Fjóla Signý vann besta afrek kvenna á mótinu og varð einnig stigahæst kvenna, skilaði 36 stigum til síns félags.

Þrjú meðlimir í meistarahópi Umf. Selfoss, þau Fjóla Signý Hannesdóttir, Dagur Fannar Magnússon og Guðmundur Kristinn Jónsson kepptu á Eyrarsundsleikunum og stóðu sig mjög vel. Dagur Fannar setti HSK-met í sleggjukasti í sínum aldursflokki á leikunum. Guðmundur Kristinn vann silfurverðlaun í spjótkaсти í sínum aldursflokki með 4 m bætingu og Fjóla Signý sigraði 400 m grindahlaup með miklum yfirburðum, auk þess að vera önnur í 100 m grindahlaupi.

Meistaramót Íslands fór fram á Selfossvelli seinni hluta júlímánaðar við mjög erfiðar veðuraðstæður. Frjálsíþróttadeildin sendi nokkra öflugra keppendur til leiks. Fjóla Signý

var í feiknastuði á frábærum heimavelli og uppskar þrenn gullverðlaun og ein bronsverðlaun. Dagný Lía Davíðsdóttir og Anna Pálsdóttir unnu báðar bronsverðlaun, Dagný Lía fyrir hástökk og Anna fyrir kúluvarp. Sameiginlegt lið HSK/Selfoss endaði í 3. sæti í stigakeppni liðanna.

Unglingameistaramótið var haldið á Akureyri 27.–28. ágúst. HSK/Selfoss sendi sameiginlegt lið til keppninnar og stóð það sig frábærlega á skemmtilegu móti. Akureyrarvöllur er eflaust einn besti keppnisvöllur landsins og létu bætingarnar ekki á sér standa. Fjóla Signý náði þeim frábæra árangri að verða sexfaldur Íslandsmeistari og sýnir það vel hversu fjölhæf hún er. Anna Pálsdóttir sýndi styrk sinn í kastgreinunum og varð þrefaldur Íslandsmeistari. Alls náðu Seflyssingarnir í liðinu 13 Íslandsmeistaratitlum, auk 6 silfurverðlauna og 3 bronsverðlauna. Lið HSK/Selfoss endaði í 3. sæti í stigakeppni liðanna.

Unglingamót HSK var haldið í Þorlákshöfn þann 9. ágúst. Náðu iðkendur deildarinnar mjög góðum árangri þar og komu heim hlaðin verðlaunum, auk þess sem þeir unnu stigakeppni liðanna.

Unglingalandsmótið var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina að venju og tóku 4 keppendur meistaraflokks þátt. Þau stóðu sig frábærlega, unnu til tveggja gullverðlauna, tveggja silfurverðlauna og tveggja bronsverðlauna. Vonandi að það verða fleiri sem keppa á þessu sama móti nú í sumar á heimavelli hér á Selfossi.

Bikarkeppni FRÍ fór fram 12.–13. ágúst á Kópavogsvelli. Í liði HSK voru nokkrir öflugir keppendur frá frjálsíþróttadeild Selfoss sem stóðu sig mjög vel og höluðu inn dýrmæt stig. Fjóla Signý Hannesdóttir var iðinn við kolann að venju og vann til þriggja gullverðlauna. Lið HSK varð í 5. sæti í stigakeppni liðanna.

Síðasta mót sumarsins fór fram á Akureyrarvelli. Haustvindarnir blésu í kaldri norðanátt. Þrátt fyrir það náði Fjóla Signý frábærum árangri þar sem hún sigraði kvennaþrautina og náði mjög góðum árangri í öllum greinum.

Þjálfarar sumarsins voru Albert Þór Magnússon, Sigurður Einarsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir.



Sumarstarfið hjá 11–14 ára

Æfingar sumarsins hófust strax í byrjun júní og stóðu fram yfir miðjan ágúst. Tæplega 20 krakkar æfðu 4 sinnum í viku. Þjálfari var Þuríður Ingvarsdóttir.

Nýr völlum var tekinn í notkun í vor. Bæði þjálfari og iðkendur nutu þess alveg í botn að æfa við bestu aðstæður. Ekki er hægt að segja annað en að sumarið hafi verið viðburðaríkt hjá þessum flokki og mörg verkefni sem við tókum þátt í. Algjört metaregn var hjá hópnum og hvorki fleiri né færri en 23 HSK-met og 4 Íslandsmet féllu í sumar.

Í júní byrjuðum við á að fara á Vormót Fjölnis í Laugardalnum. Aldursflokkamót HSK var svo hér á Selfossi í tengslum við Kótilettuna þann 11. júní. Margir úr hópnum tóku þátt í Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem var hér á Selfossi í eina viku um miðjan júní. Þar var endað á að keppa á nýja völlum okkar. Síðustu helgina í júní var svo komið að einu stærsta mótinu okkar, Meistaramóti Íslands. Það var haldið í Vík í Mýrdal við þær ömurlegustu aðstæður sem hugsast getur. Krakkarnir létu það lítið á sig fá og stóðu sig eins og hetjur. HSK/Selfoss varð í öðru sæti í heildarstigakeppninni, 12 ára stelpurnar okkar urðu Íslandsmeistarar og 14 ára stelpurnar og 12 ára strákararnir urðu í öðru sæti.

Júlímánuður var frekar rölegur í mótahaldi fyrir þennan flokk en við tókum þátt í Gogga galvaska í Mosfellsbæ strax í byrjun mánaðarins. Margir í hópnum enduðu svo mánuðinn með stæl og stormuðu til Egilsstaða á Unglingalandsmót UMFÍ. Æðislegt mót í alla staði. Margir bættu sig og komu heim reynslunni ríkari og spenntir fyrir næsta Unglingalandsmóti sem verður einmitt á Selfossi á glæsilega völlum okkar.

Fyrstu helgina í ágúst tókum við þátt í móti í Hafnarfirði sem heitir Gaflarinn. Það er ekki síst skemmtilegt fyrir það að keppt er í nokkrum óhefðbundnum greinum eins og þrístökki, 400 m hlaupi o.fl. Þann 21. ágúst var svo Bikarkeppni 15 ára og yngri og voru nokkur úr hópnum valin í lið HSK/Selfoss. Þau stóðu sig eins og hetjur, þrátt fyrir dálítill

afföll. Stelpurnar okkar urðu í 2. sæti aðeins 1 stigi á eftir FH, en strákaliðið var ungt og efnilegt og eiga þeir mörg ár eftir, en nokkur afföll voru hjá þeim. Lokamót yngri flokka í deildinni var 23. ágúst þar sem allir iðkendur 14 ára og yngri kepptu á völlum okkar. Foreldrar hjálpuðu til við framkvæmd og svo voru grillaðar pylsur ofan í liðið á eftir. Þetta var frábær dagur. Í lok mánaðarins héldum við tvö kastmót fyrir hópinn. Þar fengu krakkarnir tækifæri til að bæta sig. Nýttu þau sér það vel og meira að segja féllu eitt Íslandsmet og tvö HSK-met.

Fyrstu helgina í september var svo Brúarhlaupið okkar þar sem iðkendur ýmist hlupu eða störfuðu. Á sama tíma var Fjölþrautarmót í Borgarnesi. Nokkrir foreldrar tóku að sér að fara með krakkana sína á mótið þar sem þjálfarinn var fastur í Brúarhlaupinu á Bankaveginum. Það kom ekki að sök og krakkarnir stóðu sig rosalega vel á skemmtilegu móti.

Fyrir utan þessi mót sóttu einstaka iðkendur keppni á eigin vegum og má þar nefna; Vormót HSK, HSK-mót fullorðinna, Humarmót á Höfn, Miðsumarsmót HSK, Unglingamót HSK, Bikarkeppni FRÍ og Kastþraut Óla G.

Þegar allt er talið þá eru þetta samtals 18 viðburðir og ljóst að engum þarf að leiðast sem er að æfa frjálssar. Lagt er upp með að allir taki þátt í aldursflokkamóti HSK, Meistaramóti Íslands og allir eru hvattir til að fara á Unglingalandsmót. Önnur mót eru meira val hvers og eins, þó auðvitað sé skemmtilegast að allir taki þátt og reyni alltaf að bæta sinn árangur. Hefð er fyrir því að veita verðlaun þeim sem sýnir góða ástundun yfir sumartímenn. Í sumar mætti Dagný Lís mjög vel á æfingar. Hún býr ekki á Selfossi en lætur það ekki hafa nein áhrif á sig og kemur ýmist með strætó eða er skutlað. Góð æfingasókn Dagnýjar skilaði sér í miklum bætingum á árinu og vonandi mætir Dagný jafn vel á æfingar áfram.

Þuríður Ingvarsdóttir, þjálfari



Sumarstarf 6–8 ára

Sumarið 2011 gekk mjög vel hjá yngsta hópnum. Margir ungir og frískir krakkar komu og prófuðu að æfa frjálsar. Alls voru 38 krakkar sem komu einu sinni eða oftari en þó voru einungis 17 sem voru skráð og mættu reglulega. Þessi fjöldi er vel yfir meðallagi og ein af ástæðunum þess er tilkoma íþróttavallarins. Krakkarnir voru hæstánægðir með að hafa svona flottan völl og þá sérstaklega að geta prófað stangarstökk. Krakkarnir fengu að prófa allar greinar innan íþróttarinnar og einnig voru gerðar ýmsar æfingar til að efla og bæta hreyfiproska þeirra.

Flestar æfingar voru teknar á íþróttavellinum en einnig voru nokkrar öðruvísi æfingar í samstarfi við hópinn hennar Ágústu. Ein æfing var tekin í Hellisskógi þar sem krakkarnir fóru í ratleik og gerðu ýmsar þrautir o.fl. Þessi tilbreyting vakti mikla lukku meðal krakkanna. Einnig voru haldin tvö mót á Selfossvelli, annars vegar HSK-mót og hins vegar sumarslúttmót. Eftir keppni á sumarslúttmóti var grillað, þar sem keppendur og foreldrar gátu fengið sér friar pylsur.

Besta mætingin hjá yngsta hópnum var hjá Dýrleifu Nönnu Guðmundsdóttur, en hún mætti á allar æfingar nema eina eða í 21 skipti. Næstur á eftir henni var Jóhann Már Guðjónsson, en hann mætti á 19 æfingar.

Fjóla Signý Hannesdóttir þjálfari.

Afreksmaður eldri flokks 2011

Á árinu 2011 náði **Fjóla Signý Hannesdóttir** frábærum árangri á frjálsíþróttavellinum. Hún stundaði æfingar af

kappi allt árið og uppskar svo sannarlega glæsilega. Árangurinn hennar á árinu var eftirtektarverður og sópaði hún að sér verðlaunum á öllum mótum ársins. Hún náði þeim frábæra árangri að vinna til bronsverðlauna í 400 m hlaupi á Evrópubikarkeppni landsliða sem haldin var í Reykjavík. Hún vann einnig til silfurverðlauna með íslensku boðhlaupsveitinni í 4x400 m boðhlaupi. Þá sigraði hún í 400 m grindahlaupi á Eyrarsundsleikunum í Svíþjóð og náði að auki silfurverðlaunum í 100m grindahlaupi. Á mjög sterku alþjóðlegu móti í Finnlandi náði hún 4. sæti í 400 m grindahlaupi á nýju HSK-meti og sló þar með 17 ára gamalt HSK-met.

Fjóla Signý varð fjórfaldur Íslandsmeistari í kvennaflokki í sumar auk þess sem hún varð sjöfaldur Íslandsmeistari í aldursflokknum 20–22 ára. Hún var einnig mikilvægur burðarás í Bikarkeppni FRÍ 1. deild þar sem hún varð þrefaldur bikarmeistari, auk þess að vinna ein bronsverðlaun. Fjóla Signý setti 16 HSK-met á árinu í unglinga- og fullorðinsflokki. Hún bætti sinn besta árangur í tíu greinum utanhúss og tveimur innanhúss. Á mótum innan héraðs sýndi hún virkilega hversu fjölhæf hún er, en hún vann það mikla afrek að verða tífaldur HSK-meistari.

Á afrekslista sumarsins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands er hún með besta árangur ársins í 400 m grindahlaupi, næstbesta árangur í 100 m grindahlaupi og þriðja besta árangur í hástökki.

Fjóla Signý hefur verið valin í landsliðshóp Íslands fyrir árið 2012 auk þess sem hún er í Úrvalshópi FRÍ fyrir árið 2012. Fjóla Signý hefur alla tíð verið góð fyrirmynd yngri kynslóðarinnar í frjálsum íþróttum og verið mjög góður félagi félaga sinna. Hún leggur sig fram af alefli í öll þau verkefni sem henni eru fengin.

Frjálssíþróttadeild



Framfarabikar 2011

Á árinu 2011 náði **Sólveig Helga Guðjónsdóttir** glæsilegum árangri á frjálssíþróttavellinum. Hún stundaði æfingar samvisskusamlega allt árið og árangurinn lét ekki á sér standa. Sólveig Helga leggur stund á spretthlaup og hefur hún náð bestum árangri í hlaupum, frá 100 m og upp í 800 m hlaup. Hún bætti sinn besta árangur í tólf greinum á árinu og setti 18 HSK-met á árinu 2011

Framfarir Helgu Sólveigar voru sem hér segir:

Grein:	2011	2010
<i>Utanhúss:</i>		
100 m hlaup	13,33 sek	13,50 sek
200 m hlaup	26,80 sek	28,51 sek
400 m hlaup	61,16 sek	65,05 sek
800 m hlaup	2:29,13 mín	2:50,55 mín
<i>Innanhúss:</i>		
60 m hlaup	8,37 sek	8,45 sek
200 m hlaup	26,53 sek	27,76 sek
400 m hlaup	61,70 sek	75,27 sek
800 m hlaup	2:35,47 mín	3:01,78 mín
60 m grind (76,2 cm)	11,60 sek	12,65 sek
Langstökk	4,33 m	4,31 m
Langstökk án atrennu	2,26 m	2,13 m
Prístökk án atrennu	6,55 m	6,29 m

Framfarabikar 14 ára og yngri

Flestir í hópnum bættu sinn árangur heilmikið á árinu og var efnitt að velja einn úr stórum hópi. Í ár er það **Teitur Örn Einarsson** sem átti mestu framfarir ársins. Teitur var mjög duglegur að æfa í sumar en hann er aðallega kastari. Hann tekur að sjálfsögðu þátt í öllum öðrum greinum líka. Hann vann til fjölda verðlauna á árinu, en í hans flokki eru einnig mjög sterkir kastarar og keppnin því oft jöfn. Árangur hans var stigvaxandi á árinu og í sumar setti hann sex HSK-met og tvö Íslandsmet.

Framfarir Teits Arnar voru sem hér segir:

Grein:	2011	2010	
Spjótkast (400 g)	33,20 m	45,50 m	HSK-met
Kúluvarp (3 kg)	8,28 m	10,64 m	
Kringlukast (600 g)	20,94 m	39,24 m	Ísl.met
800 m	2;38 mín	2;33 mín	
400 m	71,53 sek	67,50 sek	
200 m	30,37 sek	29,69 sek	
80 m	12,33 sek	11,70 sek	

Flottur árangur hjá Teiti og sannaðist algjörlega að æfingin skapar meistarann. Vonandi heldur Teitur áfram að æfa jafnvel en vitað er að hann biður spenntur eftir sumrinu til að komast út að kasta.

Afreksmaður 14 ára og yngri

Sigbór Helgason er afreksmaður deildarinnar hjá 14 ára og yngri. Sigbór er mjög fjölhæfur frjálssíþróttamaður og efnilegur í tugþraut. Sterkustu greinar hans eru þó hástökk og spjótkast. Besti árangur Sigbórs á árinu samkvæmt stigatöflu FRÍ er í spjótkesti. Hann kastaði 49,35 m með 600 g spjóti sem gefur honum um 1200 stig. Hann stökk svo 1,78 m í hástökki og fyrir það fékk hann 1016 stig. Á árinu vann Sigbór til fjölda verðlauna. Má þar nefna tvo Íslandsmeistararitla á MÍ innanhúss, í kúlu og hástökki, og þrjá utanhúss, í kúlu, spjóti og hástökki. Svo vann hann ein gullverðlaun á Unglingalandsmóti í spjótkesti. Á öllum þessum mótum var hann svo á palli í fleiri greinum. Árangurinn er svo sannarlega góður og verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni.



Skýrsla formanns

Handknattleiksdeild Selfoss hefur alltaf átt stóran þátt í lífi mínu, fyrst sem leikmaður upp alla yngri flokka og síðan sem leikmaður í meistaraflokki í nokkur ár. Þegar að Basti hringdi í mig árið 2004 og bað mig að byrja aftur var ekki hægt að segja nei við uppeldisfélag sitt. Þegar ég var beðinn um að vera formaður handknattleiksdeildar var heldur ekki hægt að segja nei. Selfosshjartað hefur alltaf slegið í mér. Ég hef kynnst því í gegnum formennskuna að það eru fleiri sem hafa Selfosshjarta og þykir mér gott að sjá og vita það.

Selfoss hefur ekki verið eitt af stóru liðunum í nokkur ár, en með sterkan og kraftmikinn hóp af stjórnarfólki, fólki sem vinnur óeigingjarnt starf innan deildarinnar, að ekki sé talað um þá leikmenn sem spila með meistaraflokki í dag og eiga eftir að koma í meistaraflokk upp úr unglíngastarfi deildarinnar, þá hef ég engar áhyggjur. Selfoss verður aftur á meðal þeirra bestu á Íslandi og á eftir að vinna marga titla.

Nýr þjálfari meistaraflokks

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að finna nýjan þjálfara. Þar sem Basti var að hætta sem þjálfari meistaraflokks eftir 8 ár og hefur unnið metnaðargjarnt og glæsilegt starf, þurfti stjórn að finna þjálfara sem myndi halda því starfi áfram. Arnar Gunnarsson var ráðinn þjálfari, en hann hefur verið viðriðinn þjálfun hér á Selfossi í nokkur ár. Þar á undan var hann leikmaður í meistaraflokki Selfoss. Eftir ráðningu þjálfara var strax farið í að semja við leikmenn og vissum við í stjórn og Arnar að nokkrir leikmenn myndu fara og aðrir myndu vera. Í lokin eru um 11 leikmenn á önnur mið. Á móti fengum við unga stráka sem komu upp í meistaraflokk. Áttu þeir eftir að standa sig vel og eru að mínu mati framtíðarleikmenn okkar. Það kemur maður í manns stað.

Ragnarsmótið

Handboltavertíðin hefst yfirleitt á Ragnarsmótinu. Árið 2011 var þar engin undantekning. Ragnarsmótið er eitt af vinsælustu æfingamótum landsins og komast færri lið að en vilja. Því hvet ég nýja stjórn að gera Ragnarsmótið stærra í framtíðinni. Ragnarsmótið getur orðið góður liður í

fjáröflun deildarinnar þegar liðið er til þess að mörg sterk lið sækja mótið. Fyrirspurnir hafa komið um mótið erlendis frá sem gerir það að verkum að við stöndum enn betur að vígi. Ég legg til að mótið verði í tveimur riðlum. Ef handknattleiksdeild Selfoss ætlar að gera Ragnarsmótið enn stærra þá þarf að spila leiki í lðu. Eins og staðan er í dag gengur ekki að spila handbolta í lðu vegna harpixbanns. Því verður að breyta. Það er mjög auðvelt að þrifa harpix og því fylgir ekki mikil sóðaskapur eins og haldið er fram. Ný stjórn verður að breyta þessum hugsunarhætti hjá þeim sem stjórna lðu og fá að spila þar ef þess er þörf eins og í stærra Ragnarsmóti.

Íþróttahús Vallaskóla

Gólfíð í íþróttahúsi Vallaskóla hefur verið mikið í umræðunni í vetur. Ekki vegna þess hve gott það er heldur vegna þess að það er ónýtt. Mikil meiðsli hafa verið rakin til þess. Stjórn handknattleiksdeildar, Grímur Hergjörsson, formaður félagsins, Einar Guðmundsson, yfirþjálfari og bæjarstjórn Árborgar tóku höndum saman og fundu lausn á vandamálinu sem felst í því að setja nýtt íþróttagólf á Vallaskóla strax í sumar. Við unnum saman í lausnum ekki vandamálum. Vil ég koma hér að þakklæti til þeirra sem hafa unnið frábært starf við að koma því í framkvæmd. Bæjarstjórn á hrós skilið fyrir skjót viðbrögð og jákvæðni í okkar garð. Hún hefur gert allt til að flýta fyrir þessari framkvæmd. Íþróttagólfíð var ekki á kostnaðaráætlum þetta árið hjá bæjaryfirvöldum.

Framtíðarrekstur deildarinnar

Íþróttahúsið í Vallaskóla er okkar heimavöllur og þar er gott að vera og spila. Fráfarandi stjórn hefur unnið að því að fá að taka að sér rekstur íþróttahúsins. Með því fyrirkomulagi væri hægt að ráða framkvæmdastjóra handknattleiksdeildar. Framkvæmdastjóri er það sem koma skal. Sú ráðning myndi auðvelda stjórn og gera allt skilvirkara. Því hvet ég nýja stjórn til þess að halda þessari vinnu áfram.

Handknattleiksdeild



Handboltaakademían 2010

Góður handboltavetur

Veturinn hefur verið góður handboltalega séð og nokkrir titlar komið í hús þegar þetta er ritað í apríl 2012. Má þar m.a. nefna bikarmeistararitil 2. flokks, deildarmeistararitil 3. flokks karla, Íslandsmeistararitil 6. flokks karla og Íslandsmeistararitil meistaraflokks í utandeild kvenna. Þegar þetta er skrifað er meistaraflokkur karla kominn í umspil um laust sæti í N1 deildinni.

Framtíðin

Rekstur deildarinnar hefur gengið ágætlega en alltaf má gera betur. Einhverjar skuldir eru en líka eitthvað útistandandi. Ég vil þakka Guðrúnu Herborgu gjaldkera okkar fyrir vel unnin störf og að nútímavæða reikningshald deildarinnar. Með þessu áframhaldi þá þarf ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni. Við horfum björtum augum til framtíðar. Mikið af góðum leikmönnum er að koma upp og er eins gott að halda í þá sem lengst. Einhverjir leikmenn sem fóru frá okkur eiga eftir að koma aftur og tekið verður vel á móti þeim eins og okkur einum er lagið.

Handknattleiksdeild Selfoss verður aftur á meðal þetta bestu eftir nokkur ár ef ekki fyrr. Halda þarf áfram þessu góða, faglega, metnaðargjarna og óeingingjarna starfi sem unnið er innan deildarinnar og akademíunnar. Akademían á og hefur skilað okkur framtíðarleikmönnum sem er nauðsynlegt fyrir Selfoss. Það verður erfitt að fá leikmenn til okkar vegna þess hvað allt er orðið dýrt og hvað íslenskir leikmenn eru dýrir. En þegar við vinnum starfið okkar vel þá þarf ekki að sækja vatnið yfir lækinn.

Þar sem ég gef ekki kost á mér áfram í stjórn vil ég nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn fyrir vel unnin og frábær störf. Þetta var skemmtilegur en jafnframt erfiður vetur. Ég óska nýrri stjórn alls hins besta á komandi vetri og ég veit að hún mun halda áfram að lyfta Selfossi enn hærra og vinna frábært starf.

Gylfi Már Ágústsson, formaður handknattleiksdeildar

Alls voru þrjátíu iðkendur skráðir í handboltaakademíuna í upphafi skólaársins 2011–2012. Af þeim voru fimm stúlkur. Þrír munu útskrifast úr akademíunni í vor.

Efnahagurinn hefur lítið lagast enda hart í ári í öllu þjóðfélaginu. Þrátt fyrir það hefur tekist að halda þjónustunni við iðkendur óskertri þrátt fyrir aukin útgjöld. Í mötuneytinu voru í vetur um 60 manns í mat og voru það iðkendur úr öllum akademíum FSu eins og undanfarin ár. Lilja Hjelm og Olga Kristjánsdóttir sáu um krakkana og eldhúsið sem fyrr með stakri þrýði. Nokkur fyrirtæki hafa aðstoðað við að halda starfsemi mötuneytisins gangandi með styrkjum í formi afsláttá og vöruúttekta. Án þessarar hjálpar væri ekki hægt að reka það.

Samstarf milli akademíanna jókst töluvert og tókst jafnframt mjög vel. Má þar helst nefna röð fyrirlestra þar sem allar akademíur komu að með hjálp bæði FSu og ÍTÁ. Fyrirlestrar um markmiðasetningu, forvarnir, íþróttameiðsli og næringafræði voru haldnir og tókust þeir mjög vel.

2. flokkur karla

Þjálfari 2. flokks var Arnar Gunnarsson. Þessi flokkur var ekki fjölmennur í ár og því var aðeins eitt lið skráð til leiks á Íslandsmóttinu. Þrátt fyrir að flestir leikmanna flokksins spili einnig með meistaraflokki félagsins létu þeir álagið ekki koma í veg fyrir að þeir næðu árangri. Liðið varð bikarmeistari og er komið í 8-liða úrslit Íslandsmótsins þegar þetta er skrifað.

3. flokkur karla

Þjálfarar 3. flokks voru Sebastian Alexandersson og Stefán Árnason. Í þessum flokki voru tvö lið skráð til leiks í Íslandsmóttið eins og undanfarin ár.

A-liðið lék í 1. deild og vann hana með talsverðum yfirburðum. Tapaði aðeins einum leik í deildarkeppninni og enduðu með vel yfir 100 mörk í plús. Þá töpuðu þeir í undanúrslitum bikarkeppninnar, en eru þegar þetta er skrifað komnir í 8-liða úrslit Íslandsmótsins. Þar á liðið góða möguleika á því að komast langt.



Skýrsla unglingaráðs

B-liðið lék í 2. deild og enduðu þeir í 4. sæti. Þeir töpuðu aðeins fimm leikjum allt tímabilið þrátt fyrir að spila í deild þar sem mörg félög voru með a-liðin sín.

Miklar framfarir eru merkjanlegar í 3. flokknum öllum, en þó sérstaklega hjá leikmönnum í b-liðinu.

3. flokkur kvenna

Þjálfarar 3. flokks voru Sebastian Alexandersson og Örn Þrastarson. Nokkur ár eru síðan Selfoss sendi lið síðast til keppni í þessum flokki og ánægjulegt að flokkurinn sé starfræktur aftur. Í flokknum eru fáar stelpur en duglegar og eru þær flestar í akademiunni. Auk þeirra er liðið skipað stelpum úr 4. flokki félagsins.

Liðið var skráð í 2. deild og endaði hana óvænt í 2. sæti. Með því komust þær í umspil um sæti í úrslitakeppninni. Í umspilinu unnu þær svo lið Stjörnnunnar sem spilaði í 1. deild í vetur og eru því komnar í 8-liða úrslit. Þá komust þær einnig í undanúrslit bikarkeppinnar þar sem þær töpuðu naumlega fyrir deildar- og bikarmeisturum Hauka. Það má því segja að stelpurnar í þessum flokki hafi bæði tekið miklum framförum og náð verðskuldað góðum árangri í vetur, enda mjög duglegar og metnaðarfullar stelpur þar á ferð.

Landsliðskrakkar

Þess má geta að leikmönnum Selfoss úr þessum flokkum í landsliðum Íslands fjölgaði töluvert á árinu. Alls voru níu iðkendur boðaðir á æfingar úr þessum flokkum og spiluðu fimm þeirra opinberan leik með sínum landsliðum.

Framtíð Selfoss í íslenskum handknattleik hefur aldrei verið bjartari og eru mjög spennandi tímar framundan. Það eru engar ýkjur að fullyrða að við erum ennþá efnilegasta félag landsins. Áfram Selfoss.

Sebastian Alexandersson, yfirþjálfari handbolta-akademiunnar og þjálfari 3. flokks karla og kvenna

Æfingar yngri flokka hófust 20. ágúst um leið og skólarnir byrjuðu. Vel gekk að manna þjálfarastöður. Eingöngu uppeldismenntaðir þjálfarar starfa hjá deildinni og eru ekki mörg félög sem geta státað sig af því. Alls störfuðu tíu þjálfarar hjá unglingaráði í vetur og iðkendur voru um 250.

4. flokkur karla

Þjálfari: Stefán Árnason, aðstoðarþjálfari: Örn Þrastarson. Selfoss sendi tvö lið til keppni á Íslandsmótinu í þessum flokki. A-liðið var í toppbaráttu í 1. deild og endaði í 3. sæti með 25 stig í 18 leikjum. B-liðið lék í fyrstu deild B-liða og hafnaði í 5. sæti með 11 stig í 12 leikjum. 4. flokkur karla lék til úrslita við FH í bikarkeppninni í Laugardalshöll í lok febrúar. Strákarnir urðu að sætta sig við annað sætið í jöfnum leik. Þegar þetta er ritað, í apríl 2012, eru bæi Selfoss-liðin komin í undanúrslit um Íslandsmeistaratitilinn.

Um 25 strákar hafa æft 5–6 sinnum í viku í vetur. Strákarnir á yngra árinu fóru á Norden-cup milli jóla og nýárs og urðu þar í 3. sæti í keppni 16 bestu félagsliða Norðurlanda. Gott foreldrastarf hefur verið í kringum þessa stráka og eru þeir þegar farnir að safna fyrir og skipuleggja ferð á Partille-cup í Svíþjóð sem verður sumarið 2013. Margir af þessum strákum hafa þegar sett stefnuna á Handbolta-akademíu FSu næsta vetur. Þeir Sævar Ingi Eiðsson, Árni Guðmundsson, Nikulás Daðason, Guðjón Ágústsson, Ómar Ingi Magnússon og Hergeir Grímsson voru valdir til æfinga hjá unglingalandsliðinu skipað leikmönnum 16 ára og yngri.

5. flokkur karla

Þjálfari: Gísli Felix Bjarnason, aðstoðarþjálfari: Árni Felix Bjarnason.

Vel yfir 30 strákar hafa æft að staðaldri í vetur með 5. flokki. A-lið eldra árs var á meðal þeirra bestu á Íslandsmótinu í vetur og voru í 4.–6. sæti. B-liðið hafnaði í 13. sæti. 5. flokkur yngra ár hafa tekið miklum framförum undanfarið ár A-liðið hafnaði þó að lokum í 5. sæti á Íslandsmeistaramótinu með góðum endaspretti. B-liðið varð síðan í 19. sæti af 40 liðum.

Handknattleiksdeild



6. flokkur karla

Þjálfari: Guðmundur Sigmarsson, aðstoðarþjálfarar: Árni Guðmundsson og Sævar Ingi Eiddsson.

Strákarnir á yngra árinu urðu Íslandsmeistarar, en þeir unnu öruggan sigur á fyrstu þremur fjölliðamótunum. Þetta er gríðarlega sterkur árgangur sem Guðmundur þjálfari hefur haft síðastliðin 3 ár. Eldra árið var um miðjan hóp liða í sínum aldursflokki. Milli 35 og 40 strákar hafa æft og keppt í vetur með 6. flokki.

7. flokkur karla

Þjálfari: Guðmundur Garðar Sigfússon, aðstoðarþjálfarar: Árni Guðmundsson og Sævar Ingi Eiddsson.

Þetta er mjög öflugur flokkur sem hefur verið í fremstu röð í sínum aldursflokki. Úrslit leikja eru ekki talin opinberlega í þessu flokki. Þarna eru saman komnir mjög öflugir strákar sem vert er að fylgjast með í framtíðinni. Mjög gott foreldra-starf er í þessum flokki. Milli 40 og 50 strákar æfðu í vetur og hefur þessi flokkur aldrei verið fjölmennari. Selfoss sendi 13 lið til leiks á síðasta mót vetrarins, fleiri en nokkurt annað félag.

4. flokkur kvenna

Þjálfari: Sebastian Alexandersson, aðstoðarþjálfari: Örn Prastarson.

Geysilega öflugur hópur af stelpum, en Selfoss hefur skipað sér í fremstu röð kvennaliða í 4. og 5. flokki. Selfoss var á toppnum í deildinni fyrri hluta vetrar en missti aðeins flugið í lokin og féllu niður í 2. sætið. Þegar þetta er ritað, í apríl 2012, er liðið komið í undanúrslit í keppninni um Íslandsmeistaratiðlinn. B-liðið er líka komið í undanúrslit í keppninni um Íslandsmeistaratiðlinn, þær urðu í 3. sæti 1. deildar

og bættu sig jafnt og þétt í vetur. Thelma Björk Einarsdóttir, Þuríður Guðjónsdóttir, Helga Rún Einarsdóttir, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir, Elena Birgisdóttir, Dagmar Öder Einarsdóttir og Katrín Magnúsdóttir voru valdar á æfingar unglingalandsliðsins skipað leikmönnum 16 ára og yngri

5. flokkur kvenna

Þjálfari: Gísli Felix Bjarnason, aðstoðarþjálfari: Sigrún Arna Brynjarsdóttir.

Stelpurnar stóðu sig mjög vel á Íslandsmótinu og voru á meðal bestu liða. Þetta er mjög sterkur árgangur sem Gísli Felix hefur gert frábæra hluti með, úr miðlungslíði í röð þeirra allra bestu.

6.–7. flokkur kvenna

Þjálfari: Sigrún Arna Brynjarsdóttir, aðstoðarþjálfarar: Thelma Björk Einarsdóttir og Þuríður Guðjónsdóttir.

6. flokkur kvenna yngra ár vann tvö fyrstu mótin í keppninni til Íslandsmeistara og eiga þegar þetta eru ritað, í apríl 2012, góða möguleika á Íslandsmeistaratiðlinum þegar eitt mót er eftir. Yngra árið bætti sig jafnt og þétt og unnu sig upp töfluna og sýndu miklar framfarir.

7. flokks stelpurnar voru í fremstu röð í vetur og spiluðu mjög góðan handbolta. Þarna er kominn fram enn einn árgangurinn sem er líklegur til afreka í komandi framtíð. Úrslit leikja eru ekki talin opinberlega í þessu flokki



Umfangsmikið starf

Umfang starfs handknattleiksdeildar hefur aukist mikið ár frá ári. Lökendum hefur fjölgað undanfarin ár og árangurinn hefur aldrei verið betri. Flestir árgangar eru á meðal fimm bestu á landsvísu. Yfir 300 einstaklingar iðka handbolta af fullum krafti á Selfossi og æfa þeir þrisvar til tíu sinnum í viku. Yfir 30 ungmenni eru í Handboltaakademíu FSu.

Á síðasta keppnistímabili léku lið á vegum handknattleiksdeildar Umf. Selfoss um 570 leiki ásamt því að halda Landsbankamótið í 7. flokki drengja og stúlkna, en á því móti voru leiknir 465 leikir. Ekki eru taldir með æfingaleikir og æfingamót sem lið tóku þátt í heldur aðeins leikir í opinberum mótum. Auk þess fóru þrjár flokkar á mót erlendis á keppnistímabilinu.

Þessi samantekt sýnir hversu umfangsmikið starfið er. Hjá handknattleiksdeild starfa 15 þjálfarar, 12 manns sitja í stjórn og unglíngaráði og mun fleiri í foreldraráðum. Á vegum handknattleiksdeildar fara fram um 38 æfingar á viku og þyrftu að vera fleiri. Á næsta ári bætist við 3. flokkur kvenna og þarf sá flokkur 5–6 æfingátíma, en þeir liggja ekki á lausu eins og staðan er í dag. 7. og 6. flokkur kvenna þurfa að deilda æfingátímu en það er ekki óskastaða.

Landsbankamótið

Dagana 13.–15. apríl fór fram eitt fjölmennasta íþróttamót sem haldið er á Selfossi, en það er Landsbankamótið. Mótið tókst í alla staði mjög vel það. Um 700 keppendur komu á Selfoss þessa helgi og að líkindum hefur annar eins fjöldi

af foreldrum og liðstjórum heimsótt Selfoss. Til leiks voru skráð 180 lið, en leikið var í íþróttahúsi Vallaskóla og lðu. Liðin gistu í Sólvallaskóla og voru þar í mat. Á kvöldin voru svo kvöldvökur. Byrjað var á föstudeginum kl. 16:00 og mótið stóð fram yfir hádegi á sunnudag. Um 80 starfsmenn komu að mótinu sem krefst mikillar skipulagningar. Með öflugum foreldrastarfi hjá deildinni og fjölmörgum sjálfboðaliðum, sem tilbúnir eru að leggja hönd á plóg, gekk mótið mjög vel. Foreldrar strákanna í 4. flokki sáu um sjoppuna og lögðu fram mikla vinnu, en allur ágóði af sjoppusölu fer í ferðasjóð. Ætla má að milli 1500 og 2000 manns hafi heimsótt Selfoss þessa helgi í tengslum við mótið. Þetta var í tíunda skiptið sem mótið er haldið og er það búið að festa sig í sessi í íþróttalífni.

Unglíngaráð handknattleiksdeildar vill koma á framfæri þökkum til Landsbankans á Selfossi, Lýsis, MS-Selfossi og BROS-bola, fyrir frábæran stuðning við yngri flokkastarf handboltans á Selfossi. Einnig til allra þeirra sem störfuðu á Landsbankamótinu og þá sérstaklega til starfsmanna íþróttahúsanna sem unnu sýna vinnu af miklum sóma.

Unglíngalandslið

Um þessar mundir hafa 18 ungmenni frá Umf. Selfoss æft með yngri landsliðum HSÍ. Þetta eru unglíngar sem eru í fremstu röð sinna jafnaldra í handknattleik á landinu, og ef að líkum lætur á bara eftir að fjölga í þessum hópi því á leiðinni eru mjög sterkir árgangar framtíðarlandsliðsmanna.

Einar Guðmundsson, yfirþjálfari



Skýrsla stjórnar 2011

Á síðasta ári hélt júðódeild Umf. Selfoss úti kraftmiklu starfi. Æfingar voru í Gagnheiðinni en flutt í byrjun hausts í Sandvíkursalinn. Yngstu krakkarnir 6–9 ára æfðu tvisvar í viku og krakkar 11–14 ára æfðu þrisvar í viku. Hjá iðkendum 15 ára og eldri voru æfingar þrisvar í viku. Aðalþjálfarar júðódeildar voru Garðar Skaftason 2. Dan, Bergur Pálsson 1. Dan og Þórdís Böðvarsdóttir 1. kyu. Auk þess komu ýmsir fleiri að þjálfuninni sem aðstoðarþjálfarar.

Nýtt húsnæði í íþróttasal Sandvíkurskóla

Eins og undanfarin ár sá júðódeildin um rekstur æfingahúsnæðisins í Gagnheiði. Júðóæfingar hófust að nýju eftir sumarleyfi 1. september 2011. Deildin flutti þá allt starf sitt úr æfingasalnum í Gagnheiði í íþróttasal Sandvíkurskóla. Við það batnaði öll æfingaaðstaða deilarinnar til muna. Nýr samningur var gerður um rekstur salarins á milli Ungmennafélagsins og Sveitarfélagsins. Samningurinn var síðan fram- lengdur frá aðalstjórn félagsins til júðódeildar.

Góður keppnisárangur

Keppendur júðódeildar Umf. Selfoss stóðu sig mjög vel á árinu. Þrír Íslandsmeistararitlar unnust á Íslandsmóti 11–14 ára sam var haldið á Akureyri 19. mars. Á Íslandsmóti fullorðinna, sem haldið var í Laugardalshöllinni 2. apríl, vann Þór Davíðsson bronsverðlaun. Haustmót seniora var haldið í lðu á Selfossi í byrjun október og voru þátttakendur 29 frá 5 félögum. Keppt var í sex þyngdarflokkum og opnum flokki karla. Þór Davíðsson og Egill Blöndal voru á meðal keppenda. Þór keppti á móti margföldum Norðurlanda- og Íslandsmeistara en tapaði naumlega á síðustu mínútunni. Hann hafnaði svo í þriðja sæti. Egill sem var yngsti keppandinn á mótinu stóð sig vel á móti bestu júðómönnum landsins og varð í þriðja sæti. Haustmót JSÍ fyrir 20 ára og yngri var haldið 24. september. Júðódeild Umf. Selfoss sendi tvo keppendur á mótið og komu þeir báðir með gullverðlaun heim.

Keppni erlendis

Þór Davíðsson tók þátt í Matsume Cup í Helsingör í Danmörku í febrúar. Um er að ræða sterkt alþjóðlegt júðómót en alls kepptu þar 164 júðóiðkendum. Tíu íslenskir keppendur mættu á mótið og stóð Þór Davíðsson frá Selfossi sig best af íslensku keppendum

Helgina 26.-27. nóvember fóru þrír keppendur frá Selfossi til keppni á Hilleröd International í Danmörku ásamt 19 öðrum keppendum frá JR og ÍR. Mótið, sem var mjög fjölmennt, var haldið í þrítugasta sinn, en það er fyrir keppendur 21 árs og yngri. Keppendur komu flestir frá Norðurlöndunum en einnig víða að úr Evrópu

HSK-mótið

HSK-mótið í júðó var haldið í nýja júðósalnum í Sandvíkurskóla 8. desember. Um 40 keppendur tóku þátt í mótinu. Þeir yngstu voru 6 ára og sá elsti var 46 ára.

Mikilvægi einstaklingsíþróttar

Einstaklingsíþrótt eins og júðó eru afar mikilvæg og hefur reynst mörgu barninu vel, því ekki hentar öllum að stunda hópíþróttir. Þetta á til dæmis við um ofvirk börn sem fjölga hratt í hröðu samfélagi nútímans. Þau eiga oft erfitt með að falla inn í hópa í hópíþróttum en hafa oft fundið fjölinu sína í einstaklingsíþróttum eins og júðó og taekwondo. Því er afar mikilvægt að við höldum áfram að benda ráðamálamönnum og þeim sem hafa með málefni barna og íþróttar að gera, á þennan uppeldisþátt og gildi hans sem forvarna.

Stjórn deildarinnar þakkar öllum þeim sem komu að starfinu á liðnu ári. Vonumst við til að njóta starfskrafta ykkar áfram.

Þórdís Rakel Hansen, formaður



Skýrsla þjálfara 2011

Vorönn

Þjálfarar á vorönn voru, Þórdís Böðvarsdóttir og Þóra Þorsteinsdóttir sem sáu um þjálfun 6–10 ára iðkenda, Bergur Pálsson sem sá um æfingar fyrir 11–14 og 15 ára og eldri, og Garðar Skaftason sem sá um þjálfun í elsta hópnum. Æfingátímar voru eftirfarandi: 6–10 ára, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17–18, 11–14 ára voru einnig tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18 og 19. Elsti hópurinn var með æfingar þrisvar í viku á mánudögum kl. 19:30 og á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 19–20:30. Æfingar fóru fram í Gagnheiði 3. Gestaðþjálfarar á vorönn voru Þormóður Jónsson fremsti júdómaður landsins og landsliðsþjálfarinn Axel Ingi Jónsson.

Haustönn

Á haustönn flutti júddeildinn æfingaaðstöðu sína í gamla íþróttasalinn við Sandvíkurskóla. Það húsnaði er mun stærra og betra en það gamla og gaf tækifæri á að fjölga æfingum á elsta hóp iðkenda. Við fengum einnig nýjar júdódýnur og erum við nú með löglegan keppnisvöll.

Á haustönn sáu Þórdís og Þóra áfram um yngsta hópinn en ráðinn var nýr þjálfari, Garðar Skaftason 2. Dan, sem tók við þjálfun hinna hópanna. Æfingátímar færðust fyrr á daginn og bætt var við æfingu á föstudögum kl. 17. Sterkustu júdómenn okkar hafa einnig sótt æfingar til Reykjavíkur. Gestaðþjálfari á haustönn var Bjarni Friðriksson.

Æfingar ársins 2011 gengu vel og skiluðu júddeild UMFS fjölda verðlauna. Fjöldi iðkenda var svipaður og árið 2010.

F.h. þjálfara, Bergur Pálsson



Árangur UMFS á júdomótum árið 2011

Afmælistmót og RIG 15. janúar

11–12 ára, U13

-55 kg Úlfur Böðvarsson 2. sæti

-60 kg Páll Dagur Bergsson

13–14 ára, U15

-42 kg Mikael Jafet Ragnarss. 3. sæti

-55 kg Grímur Ívarsson 2. sæti

-66 kg Arnór Jónsson 1. sæti

15–16 ára

-66 kg Hinrik Hjartarson 2. sæti

U20 Egill Blöndal 3. sæti

Afmælistmót 29. janúar

-90 kg Þór Davíðsson 3. sæti

Íslandsmót 19. mars

11–12 ára, U13

-55 kg Úlfur Böðvarsson 1. sæti

Íslandsmeistari

13–14 ára, U15

-38 kg Mikael Jafet Ragnarss. 1. sæti

Íslandsmeistari

-55 kg Grímur Ívarsson 3. sæti

-60 kg Arnór Jónsson 1. sæti

Íslandsmeistari

Íslandsmót seniora 2. apríl

-90 kg Þór Davíðsson 3. sæti

Vormót JSÍ U20 16. apríl

11–12 ára, U13

-46 kg Hólmar Höskuldsson 3. sæti

-60 kg Úlfur Böðvarsson 1. sæti

13–14 ára, U17

-42 kg Mikael Jafet Ragnarss. 3. sæti

15–16 ára, U17

-73 kg Hinrik Hjartarson 3. sæti

-81 kg Egill Blöndal 1. sæti

Haustmót U20 24. september

11–12 ára, U13

-60 kg Úlfur Böðvarsson

13–14 ára

-66 kg Grímur Ívarsson 1. sæti

Haustmót seniora 8. október

haldið á Selfossi

-81 kg Egill Blöndal 3. sæti

-90 kg Þór Davíðsson 3. sæti

HSK-mót

HSK-mótið í júdo var haldið á Selfossi í desember. Að venju og sáust þar margar flottar viðureignir.

Matsume Cop Danmörku

Þór Davíðsson tók þátt í Matsume Cop í febrúar. Hann keppti í -90 kg flokki og stóð sig mjög vel. Þór vann Hollending og Japana, en tapaði fyrir Norðmanni og Svía. Þór hafnaði í 6.–9. sæti og stóð sig best allra Íslendinga sem tóku þátt í mótinu.

Hilleröd International

Helgina 26.–27. nóvember fóru þrjú keppendur frá júdoeild Umf. Selfoss til keppni á Hilleröd International í Danmörku ásamt 19 öðrum keppendum frá JR og ÍR. Mótið, sem var mjög fjölmennt, var nú haldið í þritugasta sinn, en það er fyrir keppendur 21 árs og yngri. Keppendur komu flestir frá Norðurlöndunum, en einnig víða að úr Evrópu. Þeir Grímur Ívarsson, Úlfur Böðvarsson og Egill Blöndal fóru á mótið.

Úlfur Böðvarsson keppti í U13 og átti fimm viðureignir. Hann vann þær allar og kom heim með gull. Fyrsta viðureignin var gríðarlega tvísýn, en eftir þá glímu vann Úlfur næstu glímu af öryggi. Flottur árangur hjá Úlfi sem keppti á sínu fyrsta móti erlendis.

Grímur Ívarsson, sem einnig var að keppa fyrsta sinn erlendis, keppti í U17. Grímur er 14 ára og var þar af leiðandi í hópi yngstu keppanda í U17 flokknum. Hann vann eina viðureign en tapaði þremur. Finn árangur hjá Grími í erfiðum flokki.

Egill Blöndal keppti í U17 flokki. Egill hefur æft vel og keppt á öllum mótum innanlands. Hann glímdi samtals átta viðureignir og vann fimm, sem skilaði honum bronsverðlaunum. Egill er að skipa sér í hóp fremstu júdomanna landsins.

Val í landslið

Þór Davíðsson var valinn í landslið seniora í -90 kg flokki. Egill Blöndal var valinn í landslið U17 og keppti á Norðurlandamótinu í Noregi. Þeir voru báðir styrktir af JSÍ og júdoeild UMFS.

Bergur og Garðar sáu um beltapróf og skráningu á mót. Þór Davíðsson tók 1. Dan í desember og fékk fyrstu einkunn.



Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi deildarinnar 24. nóvember 2011.

Stjórn knattspyrnudeildar

Stjórn knattspyrnudeildar var óbreytt frá síðasta tímabili sem og verkaskipting innan stjórnar. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Óskar Sigurðsson, formaður, Þorsteinn Magnússon, varaformaður, Sveinn Ingvason, ritari, Jón Gíslason, gjaldkeri og Skúli Bergmann, meðstjórnandi. Stjórn fundaði reglulega á tímabilinu í Tíbrá sem og hvarvetna þar sem stjórnarmenn komu saman. Síðasta tímabil var mjög viðburðarríkt hjá deildinni og verður hér greint frá helstu verkefnum stjórnar.

Margvísleg verkefni

Verkefni stjórnar eru margvísleg. Þau lúta ekki einungis að eldri flokkum deildarinnar, þ.e. 2. flokki og meistara-flokki karla og kvenna, heldur einnig öðru félagsstarfi innan deildarinnar. Ljóst er þó að til þess að halda hinu öfluga starfi áfram þurfa fleiri að leggja hönd á plóg. Ærin verkefni eru framundan á næsta tímabili, þar sem báðir meistara-flokkar okkar munu spila í Pepsi-deild næsta sumar. Fylgja því ýmis krefjandi en mjög skemmtileg verkefni. Rekstur deildarinnar er í föstum skorðum undir styrki stjórn Sveinbjörns Mátssonar framkvæmdastjóra. Sem fyrr hefur knattspyrnudeildin sinnt rekstri íþróttavallar og hefur það gefist vel. Fylgja þarf eftir bættari aðstöðu á íþróttavallarsvæðinu og er brýnt að gengið verði frá búningsklefum undir stúku-byggingunni fyrir næsta tímabil til að unnt sé að taka á móti öllum viðburðum næsta árs, sem eru ekki einungis aukinn fjöldi knattspyrnuleikja heldur og Unglingalandsmót UMFÍ.

Meistaraflokkarnir

Fyrir þetta tímabil settum við okkur það markmið að tryggja sæti beggja meistaraflokksliða okkar í úrvalsdeild. Það tókst með glæsilegum hætti. Nú þurfum við að fylgja eftir þessum góða árangri og tryggja veru okkar á meðal þeirra bestu. Það verður vissulega mjög erfitt og krefjandi verkefni en um leið afskaplega skemmtilegt. Selfoss hefur

á að skipa mjög efnilegum leikmönnum í karla- og kvenna-flokki, en ljóst er að við þurfum að styrkja leikmannahóp okkar og er nú unnið að því.

Senegal-verkefni

Selfoss tók þátt í samstarfi við knattspyrnuakademíu í Dakar, Senegal, sem rekin er af Youssoupha Fall, UEFA umboðsmaðsmanni, og Reidari Vagnes, núverandi þjálfara Hönefoss. Tilgangur þessa verkefnis, sem er til tveggja ára, er að taka á móti ungum og mjög efnilegum afrískum leikmönnum á aldrinum 17–20 ára. Hlutverk Selfoss er að þjálfa, mennta og aðstoða leikmennina við að aðlagast norrænum háttum, samfélagi og siðum. Markmið verkefnisins er að leikmennirnir verði það góðir og öflugir að þeir geti spilað í stærstu deildum Skandinavíu og Evrópu. Til okkar komu í sumar fjórir leikmenn, Babacar Sarr, Ibrahima Ndiaye, Sidy Sow og Abdalha Sene. Babacar og Ibrahima spiluðu með meistaraflokki og lögðu sitt af mörkum til að tryggja liðinu sæti í úrvalsdeild. Babacar var t.d. valinn leikmaður ársins ásamt Einari Ottó Antonssyni á lokahófi deildarinnar. Fyrir liggur að Babacar kemur aftur til leiks í byrjun næsta árs og leikur með liðinu næsta sumar. Þá mun einn leikmaður til viðbótar koma til leiks við Selfoss á nýju ári í gegnum þetta verkefni.

Þjálfarar

Stjórn var í þægilegri stöðu með þjálfaramál að loknu síðasta keppnistímabili, þar sem þjálfarar karla- og kvenna-liðanna, Logi Ólafsson og Björn Kristinn Björnsson, voru með tveggja ára samninga. Þá var gerður samningur við Markus Kislich, styrktarþjálfara, sem annast styrktarþjálfun Selfoss, fyrst og fremst hjá öllum eldri flokkum deildarinnar sem og að aðstoða þjálfara yngri flokka við að setja upp styrktaræfingar og kerfi sem henta yngri flokkum ásamt því að fylgjast með innleiðingu slíks kerfis með þjálfurum deildarinnar. Ennfremur var Auðun Helgason ráðinn að nýju sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla og yfirþjálfara



Skýrsla meistaraflokks karla

yngrri flokka. Halldór Björnsson sinnir þjálfun 2. flokks karla og honum til aðstoðar er Elías Örn Einarsson. Þá er Edda Björk Eggertsdóttur þjálfari 2. flokks kvenna. Eru miklar vonir bundnar við þessa þjálfara og þá umgjörð sem Selfoss hefur hér búið til. Stjórn hefur fulla trú á því að reynsla þeirra allra, menntun og þekking, muni skila Selfossi áfram góðum árangri á komandi árum.

Fjármál og rekstur

Knattspyrnudeildin skilar ágætum niðurstöðum í sínum rekstri á þessu ári, þrátt fyrir talsverðan tekjusamdrátt vegna tímabundins brottfalls úr efstu deild. Tekjur munu hins vegar aukast á næsta ári meðal annars í formi sjónvarpstekna auk þess sem mikil vinna er nú lögð í viðræður við bakhjarla deildarinnar, sem vonandi skilar sér. Stuðningur við deildina er góð auglýsing enda Selfoss með tvö lið í efstu deild með tilheyrandi fjölmörgum fjöllum. Helstu verkefni deildarinnar og fjáraflanir eru sem fyrr herrakvöld og konukvöld, flugeldasala, Ólismót og getraunasala, sem og sala auglýsinga. Mun deildin reyna að bæta við fleiri verkefnum og renna frekari stoðum undir starfsemi sína á nýju ári.

Niðurlag

Síðasta tímabil var mjög skemmtilegt og góður árangur í öllum flokkum. Stjórn knattspyrnudeilda þakkar sérstaklega samstarfið við alla þá sem komið hafa að starfi deildarinnar á síðasta tímabili, einkum unglingaráði, foreldraráðum, meistaraflokksráðum, heimaleikjaraði, stuðningsmönnum og síðast en ekki síst leikmönnum Selfoss.

*F.h. stjórnar knattspyrnudeilda Umf. Selfoss
Óskar Sigurðsson, formaður*

Það er með stolti sem við lítum um öxl og rifjum upp knattspyrnusumarið 2011. Að baki er ánægjulegt tímabil sem einkenndist af metnaði og krafti allra þeirra sem komu að starfi meistaraflokks karla á árinu. Frá því við tókum við þjálfun meistaraflokks haustið 2010 var markmiðið skýrt. Selfoss ætlaði sér upp í úrvalsdeild á nýjan leik.

Leikmannahópurinn

Töluverðar breytingar urðu á leikmannahópnum frá því tímabilið áður. Nýir leikmenn bættust í hópinn um veturinn og fram á vorið sem færðu liðinu aukna breidd og meiri getu. Strax á haustdögum 2010 fengum við til liðs við okkur hinn geðþekka styrktarþjálfara Markus Kislich. Markús skipulagði og stýrði styrktarþjálfun leikmanna. Leikmenn tóku nýjum æfingum og aðferðum Markúsar með opnum huga og metnaði. Aðkoma hans að þjálfun liðsins skilaði sér sérstaklega þegar leið á tímabilið.

Selfoss í úrvalsdeild á nýjan leik

Liðið tók miklum framförum allt sumarið og endaði að lokum með sannfærandi hætti í öðru sæti 1. deildar, fjór-um stigum á eftir Skagamönnum. Allir lögðust á eitt og markmið hópsins náðist með vilja og dugnaði. Það hefur verið frábært að taka þátt í því að koma liðinu á ný á meðal þeirra bestu og ná öllum helstu markmiðum deildarinnar í fyrstu atrennu. Sérstaklega var gaman að sjá hvað hópurinn var sterkur andlega þegar úrslit leikja voru okkur í óhag í upphafi sumars. Menn snéru bökum saman og héldu ótrauðir áfram.

Nú horfa leikmenn og þjálfarar bjartsýnir fram á veginn, fullir tilhlökkunar að takast á við ný tækifæri. Leikmenn og þjálfarar verða að koma betur undirbúnir en nokkru sinni fyrr. Markmið hópsins er skýrt. Í þetta skiptið er Selfoss komið til að vera.

*Þjálfarar meistaraflokks karla,
Logi Ólafsson og Auðun Helgason*



Skýrsla meistaraflokks kvenna

Æfingar hófust hjá meistaraflokksnum haustið 2010 með þægilega skýrt markmið: Að koma liðinu í úrvalsdeildina. Sterkur kjarni leikmanna og þeirra sem stóðu við bakið á liðinu gerðu sér algjörlega grein fyrir því sem þyrfti til. Liðið var búið að vera nálægt því að komast upp, en vantaði herslumuninn, þannig að nú var ekkert í boði annað en blóð, sviti og tár og að klára dæmið.

Undirbúningstímabil

Liðið, sem samanstóð af blöndu leikmanna meistaraflokks, 2. flokks og alveg niður í 3. flokk, æfði saman af krafti með áherslu á samvinnu liðsins og þátttöku allra leikmanna í spili, uppbyggingu sókna og samhæfingu varnarlega. Við fengum til okkar einn leikmann fyrir tímabilið Bergþóru Gná, sem kom til okkar sem lánsmaður frá Val og smellpassaði í okkar lið. Liðið hafði og hefur innanborðs góða leikmenn sem sannanlega gátu klárað leiki með hraða og hæfileikum til að skora mörk. En stefnan var sett á úrvalsdeild og þar þurfa allir leikmenn að vera 100% með og því var æft með það markmið eitt í huga.

Æft fyrir úrvalsdeildina

Nokkrir æfingaleikir voru spilaðir á undirbúningstímabilinu, bæði við 1. deildarlið sem og úrvalsdeildarlið. Leikirnir við liðin úr úrvalsdeildinni voru okkur gríðarlega mikilvægir og kenndu okkur mikilvæga lexíu. Við áttum ekki séns. En við áttum tíma og það var bara að halda áfram þúinu, ekkert annað í boði.

Sigur í deildabikarnum

Deildabikarkeppnin eða Lengjubikarinn C-deild var að hefjast og þar fengum við tækifæri á að bæta okkar leik og temja okkur þá hugsun að hver leikur sem við spiluðum væri sá mikilvægasti. Og stúlkurnar gerðu sér lítið fyrir og náðu sér í sinn fyrsta titil, eftir marga góða leiki og hörku úrslitaleik, þar sem vilji og barátta kom svo sannarlega inn í okkar leik. Auk smá peningaverðlauna, titils og þess að að

spila í sterkari deild að ári, sem er okkur mikilvægt í öllum undirbúningi, þá bættist gleðin við. Þessi tilfinning að hafa virkilega unnið fyrir sigrinum og átt hann skilið.

Íslandsmótið

Þá var komið að markmiðinu okkar að komast upp í úrvalsdeild og spila á meðal þeirra bestu að ári. Íslandsmótið að hefjast og Bikarkeppnin sömuleiðis. Það var alveg ljóst að þetta yrði ekki auðvelt því deildin var sterkari en áður. Lið eins og FH, Haukar, Keflavík, Fjölnir, HK/Víkingur, allt saman mjög góð lið og sum hver búin að styrkja sig töluvert. Og hin liðin öll að bæta sig líka og ekki hægt að bóka sigur í einum einasta leik. Til þess að gera langa og spennandi sögu stutta þá gekk sumarið vonum framar hjá okkur. Við spiluðum öruggt og oft á tíðum ágætlega skipulega og vörðumst vel. Við fengum fá mörk á okkur og skoruðum eins og til þyrfti og stundum meira. Sem sagt þá gekk vel í deildinni.

Bikarkeppni

Í Bikarkeppninni fengum við lið Hauka í fyrsta leik. Úti leikur á plastinu á Ásvöllum gegn sterku Haukaliði var spennandi tækifæri til að virkja viljann og ná sér í smá blóð á tennurnar. Og það var sterkur útisigur hjá okkar konum sem sigruðu með tveimur mörkum gegn engu og komnar áfram. Og þá var komið að því að sjá úr hverju okkar konur væru gerðar, því við drógumst á móti úrvaldeildarliði KR. En við fengum heimaleikinn og það var ekkert annað en tilhlökkun að fá tækifæri gegn úrvalsdeildarliði heima. Vel studdar af áhorfendum sem stóðu svo sannanlega við bakið á okkur í sumar og eiga miklar þakkir skyldar fyrir. Nú kom sér vel að hafa verið teknar í bakarið af úrvaldeildarliðum á undirbúningstímabilinu. Ekkert gefins í þessum leik. Það fór nú samt þannig að KR hafði sigur í leiknum en KR konur þurftu sannanlega að hafa fyrir þeim sigri. Það voru stoltar Selfoskonur sem gengu af velli þó svo að leikurinn hafi tapast naumlega 3-4.

Knattspyrnudeild



Úrslitakeppnin

Þá var að einbeita sér að deildinni og svo fór að við tryggðum okkur í úrslitakeppnina með sigri í okkar riðli. Það var ljóst að við myndum berjast við sterkt lið Keflavíkur um sætið mikilvæga í úrvalsdeild. Tveir leikir, heima og heiman. Fyrri leikurinn var í Keflavík og við ætluðum okkur sigur í þeim leik. En svo fór að Keflavík sigraði svo við áttum bara eitt líf eftir, heimaleik á Selfossi. Á leikdegi var ég algjörlega sannfærður um að Selfoss færi með sigur að hólmi. Svo sannfærður að ég setti upp húfu fyrir leik merka Pepsídeild. Það var ekki gert af neinum hroka, heldur var ég viss um sigur vegna þess hversu einbeittar og tilbúnar okkar konur voru. Þær voru virkilega tilbúnar. Leikurinn var aldrei spurning og öruggur sigur færði okkur úrvalsdeildarsæti að ári. Úrslitaleikur um titilinn gegn frábæru FH liði, leikinn í Kaplakrikanum, sem verður að teljast svolítið sérstakt að ekki skuli hafa verið leikið á hlutlausum velli, tapaðist síðan og það var algjörlega sanngjart.

Á meðal þeirra bestu

Allt fólkið sem stóð við bakið á okkur í sumar á stóran þátt í þessu ævintýri. Edda aðstoðarþjálfari og Auður og Baldur, með okkur í öllum leikjum. Elvar, Svenni, Óskar og fleiri í baklandinu og auðvitað Sveinbjörn tilbúinn í allt. Stuðningsfólkið okkar, áhorfendur, algjörlega ómetanlegt. Fleiri hundruð manns á úrslitaleikum mikilvæga gegn Keflavík, með 5. flokk karla í forgrunni. Ómetanlegt og hafði þökk fyrir.

Björn Kristinn Björnsson, þjálfari.

Skýrsla 2. flokks karla

Æfingar hófust strax 15. september undir stjórn Halldórs Björnssonar, en hann tók við af Jóni Pétri Róbertssyni. Liðið sem féll niður í c-riðil síðasta sumar setti sér strax það markmið að fara upp um riðil. Var æft mikið allan veturinn, bæði hjá 2. flokki og í Knattspyrnuakademíunni, eða samtals 7 sinnum í viku. Um 35 strákar hófu æfingar og hélst sá fjöldi fram á vor, en þá fækkaði niður í 30 leikmenn sem mættu og æfðu mjög vel.

Faxaflóamótið

Mótið, sem byrjaði um haustið og stóð fram á vor, gekk vel. Uppskeran var 7 sigrar, 3 jafntefli og 2 töp. Markatalan var 38-25.

Íslandsmótið

Íslandsmót gekk mjög vel. Þjálfari og leikmenn settu niður og settu sér markmið fyrir fyrsta leik sem var: *að vinna riðilinn, ná í 24 stig og að tapa ekki leik.* Þetta gekk eftir því liðið lenti í 1. sæti, 6 stigum á undan næsta liði. Tapaði ekki leik og náði í 26 stig. Þegar þarna var komið sögu settum við okkur það markmið að vinna Hauka (sem voru með mjög gott lið og komnir í bikarúrslit) og komast í B-riðil. Úrslitakeppnin fór 1-4 á útivelli og 0-2 á heimavelli eða samtals 4-3. Annar flokkur Selfoss stóð sig því mjög vel þetta árið og vann sig upp í b-deild. Uppskera Íslandsmótsins var 8 sigrar, 2 jafntefli, ekkert tap og markatalan 29-9.

Viðurkenningar


Á lokahófi knattspyrnudeildar voru veitt verðlaun í 2. flokki. Besti leikmaður ársins var valinn Ingvi Rafn Óskarsson. Þorsteinn Daniel Þorsteinsson fékk viðurkenningu fyrir framför og ástundun og Sene Abdalha var markakóngur. Alls léku 25 leikmenn með 2. flokki í sumar.

Þegar þetta er skrifað (um miðjan nóvember) eru æfingar í fullum gangi. Halldór Björnsson heldur áfram með liðið. Elías Örn Einarsson verður honum til aðstoðar og mun sjá um b-liðið sem hefur verið bætt við sem er mjög gott mál svo að allir fái tækifæri til að spila. Um 35 strákar æfa með 2. flokki núna, þar af eru 7 sem æfa líka með meistaraflokki Selfoss. Langt er síðan svona margir efnilegir leikmenn hafa verið í 2. flokki. Það er því mjög mikilvægt að við ræktum þá og þeir fái þau tækifæri sem þeir eiga skilið þegar þeir eru tilbúnir í meistaraflokkinn sem styttist í með hverjum deginum.

Halldór Björnsson, þjálfari

Skýrsla 2. flokks kvenna

Um 30 stelpur tóku þátt í einhverjum leik í sumar með 2. flokki kvenna. Þar sem meistaraflokkur kvenna var ungur voru nokkrar stúlkur sem gjaldgengnar voru í 2. flokki einnig lykilmenn í meistaraflokksliði okkar, sem gerði það að verkum að sumarið var mikið þúsluspil hjá 2. flokki. Svo fór 3. flokkur til USA sem hafði það í för með sér að leikjaalag var mun meira en gengur og gerist. 2. flokkurinn spilaði 14 leiki í deild og 1 í bikar. Einungis þrjár stelpur spiluðu alla 15 leiki 2. flokks kvenna sumarið 2011. Síðan voru það þrjár aðrar sem spiluðu 10 leiki eða meira.



Góður árangur

Við spiluðum 14 leiki í b-deild Íslandsmótsins og enduðum með 24 stig í þriðja sæti. Við vorum með jafnmörg stig og liðið sem lenti í öðru sæti en með lakari markatölu. Því munum við spila áfram í b-deild sumarið 2012.

Þess má geta að í 2. flokki voru gjaldgengar stúlkur fæddar eru 1992, 1993 og 1994. Við áttum einungis eina stúlku fædda 1992 sem spilaði aðeins einn og hálfan leik vegna meiðsla og svo var ein fædd árið 1993 sem var máttarstölp og fyrri liði liðsins. Aðrar stúlkur voru yngri. Þetta eru frábærar stelpur sem virkilega gaman var að vinna með. Því tel ég að óhætt sé að segja að framtíðin sé björt í kvenna-knattspyrnu á Selfossi.

*Með bestu kveðju,
Edda Björk Eggertsdóttir, þjálfari*

Viðurkenningar mfl. og 2. flokks 2011

Verðlaunahafar í 2. flokki kvenna:

Markadrottning	Íris Sverrisdóttir
Framfarir og ástundun	Kristrún Rut Antonsdóttir
Leikmaður ársins	Íris Sverrisdóttir

Verðlaunahafar í 2. flokki karla:

Markakóngur	Sene Abdalha
Framfarir og ástundun	Þorsteinn Daníel Þorsteinsson
Leikmaður ársins	Ingvi Rafn Óskarsson

Verðlaunahafar í meistaraflokki karla:

Markakóngur	Viðar Örn Kjartansson
Framfarir og ástundun	Stefán Ragnar Guðlaugsson
Leikmaður ársins	Einar Ottó Antonsson og Babacar Sarr
Efnilegastur	Jón Daði Böðvarsson
Guðjóns-bikarinn	Sævar Þór Gíslason

Verðlaunahafar í meistaraflokki kvenna:

Kona ársins	Guðmunda Brynja Óladóttir
Efnilegasti leikmaður	Guðrún Arnardóttir
Markadrottning	Guðmunda Brynja Óladóttir
Framfarir og ástundun	Franciska Jóney Pálsdóttir
Guðjóns-bikarinn	Þórhildur Svava Svavarsdóttir

Óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar

Steindór Sverrisson
Hótel Selfoss

Félagi ársins

Sævar Sigurðsson

Leikjaföldi

250 leikir	Arilius Marteinsson
200 leikir	Einar Ottó Antonsson, Ingbór Jóhann Guðmundsson Sævar Þór Gíslason
100 leikir	Andri Freyr Björnsson Ingi Rafn Ingibergsson Jóhann Ólafur Sigurðsson Sigurður Eyberg Guðlaugsson Viðar Örn Kjartansson
50 leikir	Aníta Guðlaugsdóttir Anna María Friðriksdóttir Anna Þorsteinsdóttir Guðmunda Brynja Óladóttir Íris Sverrisdóttir Thelma Sif Kristjánsdóttir Þóra Margrét Ólafsdóttir Þórhildur Svava Svavarsdóttir



Skýrsla unglíngaráðs 2011

Stjórn unglíngaráðs

Árið 2011 skipuðu unglíngaráð: Olgeir Jónsson formaður, Selma Sigurjónsdóttir, Helena Sif Kristinsdóttir, Erling Huldarson og Alma Sigurjónsdóttir, meðstjórnendur. Starfsmaður unglíngaráðs er Sveinbjörn Másson, framkvæmdarstjóri knattspyrnudeildar.

Frábært ár er að baki, margir sigrar og einhver töp, en óhætt að segja að árangur yngri flokkanna hafi aldrei verið betri. Ekki náðist þó Íslandsmeistararitill að þessu sinni, en lið úr 4. flokki komust í úrslitakeppni Íslandsmótsins. Í Faxaflóamótunum náðum við tveimur titlum, í 4. flokki kvenna og 3. flokki karla.

Hefðbundin sumarmót voru hjá yngri flokkum. Í Vestmanneyjum spilaði 6. flokkur úrslitaleikinn í a-liðum. Aðrir flokkar fóru á sína hefðbundnu staði, Þæjumót í Eyjum, Síamót í Kópavogi, Norðurálmót á Akranesi, N1-mót á Akureyri og Rey Cup í Reykjavík.

3. flokkur kvenna gerði góða ferð til Bandaríkjanna, bæði á fótoltavellinum og í verslunum. Þær sigruðu í sínum aldursflokki á USA Cup í Minnieappolis og voru landi og þjóð til sóma.

Olísmótið var á sínum stað með metþátttöku liða. Gekk mótið í alla staði frábærlega, en það er nú orðið ein stærsta fjáröflun knattspyrnudeildarinnar. Þarna leggst öll deildin á eitt um að halda flott mót. Þakkar unglíngaráð öllum þeim foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg við að klára þetta verkefni með sæmd.

Í sumar náðist frábær árangur hjá meistaraflokkum deildarinnar og munu bæði kvenna- og karlalið Selfoss spila í Pepsi-deildinni að ári.

7. flokkur karla

Þjálfarar: *Endre Ove Brenne og Markús Árni Vernharðsson*
Hápunktur sumarsins hjá strákunum í 7. flokki var Norðurálmótið á Akranesi, en þangað var farið með fjögur lið. Einnig tók liðið þátt í nokkrum dagsmótum. Þá var flokkurinn með tvær sameiginlegar æfingar með strákunum á Flúðum. Hópurinn taldi um 40 stráka. Öflugt foreldraráð

var í flokknum sem stóð m.a. fyrir fjáröflunum og grillveislu fyrir strákana.

7. flokkur kvenna

Þjálfari: *Þórhildur Svava Svavarsdóttir*

7. flokkur kvenna er ört stækkandi flokkur og taldi nú í haust yfir 20 stelpur. Farið var á nokkur mót á árinu og var það stærsta Síamótið í Kópavogi. Auk þess tóku stelpurnar þátt í Faxaflóamótinu og Arionmótinu. Einnig var farið til Keflavíkur og keppt þar.

6. flokkur karla

Þjálfarar: *Sigmar Karlsson og Stefán Ragnar Guðlaugsson*

Í 6. flokki voru rúmlega 40 iðkendur. Tók flokkurinn þátt í Faxaflóamótinu í vor, Pollamóti KSÍ, þar sem A- og B-lið komust í úrslitakeppni og Shellmótinu í Eyjum. Eins var flokkurinn með lið á Olísmótinu. Foreldraráð var mjög virkt í þessum flokki og stóð sig sérstaklega vel í undirbúningi fyrir Shell-mótið. Ráðið hélt einnig utan um sjöppur á mótum sem að við héldum og stóð sig með stakri þryði í því hlutverki. Samskipti á milli foreldraráðs og þjálfara voru almennt mjög góð.

6. flokkur kvenna

Þjálfari: *Stefán Ragnar Guðlaugsson*

Í 6. flokki kvenna voru um 25 stelpur sem æfðu. Þær tóku þátt í nokkrum mótum á tímabilinu og náðu m.a. þar tveimur liðum í úrslitakeppni Hnátumóts KSÍ. Auk þess sem fóru þær á Síamótið í Kópavogi, Lego-mót Aftureldingar og Faxaflóamótið. Starf foreldraráðs var mjög gott. Þau sáu um fjáröflun fyrir Síamótið sem og allt skipulag fyrir mótið sem gekk eins og í sögu. Einnig var tekinn hóppöntun á nýja Errea æfingasettið sem margar nýttu sér og hefur það sett skemmtilegan svip á æfingar og leiki stelpnanna.

5. flokkur karla

Þjálfarar: *Brad Alexander Egan og Markús Árni Vernharðsson*

Iðkendur í flokknum voru í kringum 50. Hápunktur sumarsins hjá strákunum var án efa N1-mótið á Akureyri. Flokkurinn sendi fjögur lið til þátttöku í Íslandsmótinu og tók auk



Þessi þátt í Faxe-flóamótinu, hraðmóti á Akranesi og síðast en ekki síst Olísmótinu. Mjög flott og fjölbreytilegt starf var hjá foreldraráði. Stærsta verkefni þess var fótbolta-marapónið, en það er mikilvægur liður í fjáröflun fyrir N1-mótið á Akureyri. Þessi fjáröflun og styrkir ýmissa góðra fyrirtækja gerðu það að verkum að strákarnir þurftu einungis að leggja út fyrir óþarfa sjálfsneyslu meðan á mótinu stóð. Viljum við því sérstaklega þakka fyrirtækjunum; Guðnabakari, Krás, MBF (MS) og Vífilfell fyrir stuðninginn, ásamt öllum hinum sem komu að þessu verkefni. Önnur verkefni sem voru í umsjá foreldraráðs voru t.d. að manna sjoppurnar á Olísmótinu, skipuleggja akstursplan fyrir Faxe-flóa- og Íslandsmótið, o.s.frv. Viljum við þakka foreldraráði og öllum þeim foreldrum sem mættu á leiki og annað í kringum 5. flokk karla fyrir frábært samstarf á síðasta ári. Sérstakar þakkir eru til Gauta Gunnars Halldórssonar og Einars Jakobs Jóhannssonar fyrir aðstoðina á N1-mótinu, Olísmótinu og Íslandsmótinu í sumar.

5. flokkur kvenna

Þjálfari: Aníta Guðlaugsdóttir

Um 20 stelpur hafa æft með 5. flokknum á tímabilinu og hefur verið nóg um að vera hjá stelpunum. Keppnistímabilið var nokkuð erfitt hjá 5. flokki kvenna, en þær spiluðu í A-riðli í Faxaflóa-mótinu og einnig á Íslandsmótinu og mætt þar sterkustu liðum landsins í þessum aldursflokki. Flokkurinn hefur verið í þessum riðli sl. 2 ár. Stelpurnar hafa tekið miklum framförum í sumar og náð hagstæðari úrslitum í Íslandsmótinu en í Faxaflóamótinu í vor sem er mjög jákvætt. A-liðið endaði í 8. sæti og því má segja að liðið sé 8. besta liðið á landinu. Selfoss fór með tvö lið á skemmtilegt Pæjumót í Eyjum í ár. Stelpurnar sýndu oft á tíðum ágæta takta í sterkum riðlum sem þær lentu í á mótinu. Þær létu það ekki á sig fá, gerðu sitt besta og höfðu gaman að. Kolbrún Ýr Karlsdóttir var valin úr liði Selfoss til að spila með landsliðinu í leik landsliðs og pressuliðs og stóð sig mjög vel í sigri landsliðsins. Selfoss fór með eitt lið á Síamótið í Kópavogi í ár en 5. flokkur kvenna hefur ekki áður farið á þetta mót. Stelpurnar höfðu mjög gaman að því og stóðu sig vel. Ásdís Ágústsdóttir var valin úr liði Sel-

foss til að spila með pressuliðinu í leik landsliðs og pressuliðs og stóð hún sig vel í 2-0 tapi. Kolbrún Ýr, Ásdís, Eyrún og Lilja Dögg fóru með 4. flokknum á Rey Cup og spiluðu þar við stelpur einu og tveimur árum eldri. Þær gáfu ekkert eftir þar og áttu stóran þátt í finu gengi 7 manna liðsins á mótinu. Kolbrún Ýr, Eyrún, Elva Rún og Svana fóru á Unglingalandsmótið á Egilsstöðum og fengu til liðs við sig 4 aðrar stelpur sem spiluðu undir merkjum Selfoss. Þær enduðu sem sigurvegarar í keppni 11-12 ára á mótinu. Þessar stelpur hafa verið duglegar að æfa með 5. flokknum og tekið miklum framförum síðasta árið. Foreldráð skipuðu Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Stefanía Williamsdóttir og Helga Halldórsdóttir. Foreldraráð sá m.a. um fjáraflanir og alla skipulagningu fyrir Pæjumótið. Mikill vilji var hjá foreldraráði um að bæta Síamótinu við og bjóða þeim stelpum sem hefðu áhuga á að fara á mótið.

4. flokkur karla

Þjálfarar: Guðmundur Sigmarsson, Ingi Rafn Ingibergsson og Magnús Ingi Einarsson

4. flokkur var óvenju fjölmennur í ár og stunduðu yfir 40 strákar æfingar. Þrjú lið tóku þátt í Íslandsmótinu og Faxe-flóamótinu. Þá mættu tvö lið til leiks á Rey Cup. Öflugt foreldraráð fór fyrir flokknum sem sá um fjáraflanir og skipulag í kringum Rey Cup.

4. flokkur kvenna

Þjálfari: Aníta Guðlaugsdóttir

Flokkurinn spilaði í B-riðli Faxaflóamótsins. Unnu stelpurnar alla 6 leiki sína með markatöluna 25-11 og urðu því Faxaflóameistarar í B-riðli. Flokkurinn spilaði í B-riðli Íslandsmótsins og enduðu í 3. sæti, einu marki frá því að komast í úrslitakeppnina. Stelpurnar unnu t.d. KR, sem endaði í 1. sæti riðilsins. Liðið fékk langfæst mörk á sig í riðlinum eða 6 talsins og skoraði liðið 25 mörk. Stelpurnar voru með tvö lið á Rey Cup, eitt 11 manna lið og eitt 7 manna lið. 11 manna liðið tapaði 10-9 fyrir Þrótti eftir vítaspyrnukeppni og hefðu getað spilað um 5. sætið en liðið endaði í 8. sæti eftir að hafa spilað við sterkt lið frá Kanada. 7 manna liðið endaði í 7. sæti. Foreldraráð sá meðal annars um skipulagningu og fjáraflanir í kringum Rey cup.

3. flokkur karla

Þjálfari: Guðmundur Sigmarsson

Iðkendur í 3. flokki voru 24 og tóku strákarnir þátt í Faxaflóamótinu í vor og Íslandsmótinu, þar sem liðið var hársbreidd frá því að komast upp um riðil. Einnig fór flokkurinn á Rey Cup. Ekkert foreldraráð starfaði í kringum flokkinn þetta árið.

3. flokkur kvenna

Þjálfari: Jóhann Bjarnason

Stelpurnar sem æfðu með 3. flokki voru 18 talsins og var þetta viðburðaríkt ár hjá flokknum. Fóru þær síðastliðið haust á Faxaflóamótið sem þær unnu. Þær lentu svo í 4. sæti í Haust-Faxaflóamótinu. Flokkurinn tók einnig þátt í Íslandsmótinu. Hápunktur sumarsins var ferð til Bandaríkjanna þar sem þær tóku þátt í USA Cup. Gerðu þær sér lítið fyrir og unnu sigur í sínum aldursflokki. Foreldraráðið vann mikið og óeingingjarnt starf við fjáröflun vegna utanlandsferðar flokksins.



Skýrsla formanns

Stjórnin

Á aðalfundi sem haldin var 31. mars 2011 bauð sitjandi stjórn sig aftur fram og var endurkjörin. Stjórnina skipa: Magnús Ragnar Magnússon formaður, Andri Ólafsson gjaldkeri og Sigurður Bjarni Richardsson, ritari. Meðstjórnendur voru Daniel Karlsson og Björn Bragi Sævarsson.

Brautin

Árið 2011 var sannkallað framkvæmdarár hjá okkur. Um páskana byrjuðum við á stórframkvæmdum sem var byrjun á undirbúning fyrir Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður 2012. Unnið var við að breikka og hækka palla. Eins voru allar akstursleiðir breikkaðar í löglega breidd. Þegar betur var að gáð kom í ljós að brautin var of stutt og einnig vantaði upp á að startið væri nógu langt. Þá sóttum við um land sem liggur við brautina hjá okkur og biður það upp á mikla möguleika. Við erum þegar byrjaðir að lengja brautina og með þessari viðbót gátum við stækkað bílplanið hjá okkur um helming. Eins var unnið við krakkabrautina, brautin lengd og búnir til pallar. Það stendur til að klára hana næsta sumar.

Aukning

Eftir þessar breytingar og eftirfylgni síðasta sumars, þ.e.a.s. að hafa gott viðhald á brautinni, jókst sala inn á brautina um helming. Við fengum jafnmikið inn á hana á fyrstu 6 vikunum eins og allt sumarið 2010 þrátt fyrir að geta ekki opnað brautina strax vegna framkvæmda Selfossveitna á vatnslögn og eins þurftum við að loka brautinni í júlímánuði vegna þurrka.

Æfingar

Hákon Andrason sá um æfingar fyrir krakkana síðasta sumar og var mjög góð mæting. Í vetur stóð til að æfa með Vélhjólaklúbbnum Vík innandyrna í Reiðhöllinni í Víðidal. Vík missti leigutímann svo það datt upp fyrir. Hákon hefur áhuga á að þjálfa krakkana næsta sumar og einnig ætla deildin að fá þjálfara fyrir eldri flokkana.

Ökumaður ársins

Stjórnin kaus ökumann ársins og varð Einey Ösp Gunnarsdóttir fyrir valinu. Einey er búin að vera mjög jöfn í keppnunum fyrir utan eina keppni þar sem hún datt og kom ekki hjólinu í gang og missti af mörgum sætum. Það kostaði hana það að hún lenti ekki í einu af fyrstu þremur sætum til Íslandsmeistara kvenna, en hún endaði í fjórða sæti. Eins eru margir keppendur að blómstra og verður gaman að fylgjast með þeim.

Mótahald

Brautin var mjög vinsæl í sumar og fengum við hringingu frá forsvarsmanni landsliðsins sem var að fara að keppa í Frakklandi í Motocross of Nations og spurði hann hvort við værum til í að lána brautina undir styrktarkeppni. Við slógum til þó við fengjum ekki nema viku til undirbúnings. Keppnin var stórskemmtileg og gekk vel fyrir sig, engin slys, bara gleði. Í framhaldi af þessari keppni og tilkomu nýja svæðisins sem liggur við brautina verður deildin með Íslandsmeistaramótinu næsta sumar og verður keppnin 21. júlí. Bikarkeppni verður haldin 17. maí og svo Unglingalandsmótið um Verslunarmannahelgina. Þetta hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir deildina, bæði fjárhagslega og fyrir heimamenn, að vera að keppa í braut sem þeir þekkja vel.

Framtíðarsýn - gildi - markmið

Í nóvember þegar fór að hægjast um á hjá okkur fór hluti af félagsmönnum að Geysi í Haukadal og voru þeir Magnús Árnason og Steinarr Lár með í för. Maggi og Steinarr voru fastagestir í sumar hjá okkur og buðust til að hjálpa okkur með endurskipulagningu á innviðum deildarinnar. Þarna var hópnum skipt í tvennt og unnið að gildum og stefnu félagsins. Út úr þessu kom flott kynning á deildinni um framtíðarsýn og var hún kynnt fyrir félagsmönnum 28. nóvember og mættu hátt í 40 manns. Kynningin var svo sett í bréfabindi og fengum við að vera með kynningu fyrir Bæjarráð Árborgar. Kynningin vakti mikla athygli og opnaði fyrir miklar umræður.



Þakkir

Svona deild eins og mótokrossdeild er erfitt að reka nema hún fái aðstoð. Þrátt fyrir efnahagsþrengingar hafa mörg fyrirtæki stutt vel við bakið á okkur og erum við ævinlega þakklát fyrir það. Mig langar því að nota tækifærið og þakka sérstaklega Ræktunarsambandinu, TRS, Set, BYKO, Pylsuvagninum, Steinbergi, Jóni Þór, Steini, Magga Árna, Steinarri Lár og mörgum öðrum.

Framtíðin

Það er margt framundan hjá okkur, t.d. að leggja loka hönd á lengingu brautarinnar, búa til starthlið og vinna í húsnæðis- og vatnsmálum. Einnig ætlar deildin að leggja metnað sinn í að græða upp svæðið í sumar. Þetta er erfitt verkefni fyrir okkur þar sem þetta er ekki framtíðarsvæðið okkar. Markmiðið hjá okkur er að fjárfesta í hlutum sem við getum tekið með okkur yfir á nýtt svæði þegar að því kemur.

*F.h. mótokrossdeildar,
Magnús Ragnar Magnússon, formaður.*



Skýrsla formanns

Á síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 31. mars 2011, voru eftirtaldin kjörin í stjórn; Sigríður Pálsdóttir, Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir, Edda Björk Ólafsdóttir, Sigríður Runólfssdóttir og Hilda Pálmadóttir. Varamenn voru kjörnar þær Helga Sigurðardóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir.

Verkaskipting stjórnar hefur verið þannig að Sigríður Pálsdóttir er formaður, Ingibjörg varaformaður og gjaldkeri og Sigríður Runólfssdóttir ritari. Edda Björk og Hilda eru meðstjórnendur. Á miðjum vetri fór formaður deildarinnar Sigríður Pálsdóttir á veikindafri og tóku aðrir stjórnarmeðlimir að sér störf hennar og fórst það vel úr hendi. Um leið komu nýjar konur inn í stjórn þær Elín M. Karlsdóttir og Katrín Ósk Bráinsdóttir. Einnig kom inn nýr varamaður, Hilda Pálmadóttir, í stað Helgu Sigurðardóttur.

Stjórnin hefur fundað 7 sinnum frá síðasta aðalfundi auk þess sem einhver frá stjórn hefur setið fundi aðalstjórnar Ungmennafélagsins en í henni eiga sæti framkvæmdastjórn félagsins og formenn deilda. Aðalstjórn fundar alla jafna mánaðarlega.

Fjárafilanir

Fjárafilanir deildarinnar á árinu voru hefðbundnar. Deildin sá um kaffiveitingar á aðalfundi Ungmennafélagsins og flöskum var safnað. Í fyrra skipti flöskusöfnunar var auglýst í Dagskránni en í það seinna var sendur fjölpóstur. Tekjur af flöskusöfnun hafa dregist saman en kostnaður hefur að sama skapi minnkað þannig að þetta er eftir sem áður einn mikilvægast fjárfundunarliður deildarinnar. Auk þessa höfum við tekjur af sölu auglýsingaskilta við sundlauginu á Selfossi.

Þá er ótalið ungbarnasundið sem skilar deildinni verulegum tekjum á ári hverju. Guðbjörg Bjarnadóttir sýnir deildinni þar mikla velvild og tryggð sem undirritaðri er bæði ljúft og skylt að þakka fyrir.

Nú hefur Garpasundið bæst við. Þar sér Ragnar Jónasson yfirþjálfari um þjálfun og greiðir sunddeildinni hluta af því.

Þjálfaramál

Starfsár nýrrar stjórnar hófst á því að leita þurfti að nýjum þjálfara þar sem Bryndís var ákveðin í að hætta um sumaríð. Ýmsir möguleikar voru skoðaðir t.d. samstarf við Hamar og fleiri félög. Svo var auglýst eftir þjálfara. Einnig var haft samband við þjálfara og sundkennara á Selfossi. Að lokum fór svo að Ragnar Jónasson var ráðinn sem yfirþjálfari og Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir sem þjálfari yngri barna. Þetta reyndist hið besta fyrirkomulag og vonumst við til að það verði svo áfram.

Foreldrastarf

Íþróttastarf barna og unglinga á Íslandi byggir að verulegu leyti á samstarfi viðkomandi íþróttafélaga við foreldra iðkenda. Brýnt er að það sé eins gott og mögulegt er á hverjum tíma. Stjórn deildarinnar hefur reynt að bæta þetta, m.a. með góðu upplýsingaflæði um starf deildarinnar til foreldra. Í haust var að venju gefinn út bæklingur um vetrarstarfið sem sendur var í tölvupósti til allra foreldra. Heimasíðan hefur verið uppfærð með reglulegum hætti, auk þess sem miklu magni af upplýsingum hefur verið bætt þar inn.

Foreldraráð hefur ekki verið skipað á þessu starfsári, aðallega vegna fárra iðkenda í upphafi. En þeim hefur fjölgað þannig að nú ætti að vera hægt að bæta úr því.

Iðkendur

Í janúar 2011 var fjöldi iðkenda í kringum 30. Veturinn hefur fært okkur fleiri iðkendur og vonandi heldur sú þróun áfram. Þessi fjölgun er aðallega í yngri hópum enn sem komið er.

Það er okkar sjónarmið að halda ekki uppi samkeppni milli deilda um iðkendur heldur að börnin/unglingarnir finni sjálf hvaða íþrótt hentar þeim best. Okkar markmið er að búa þeim sem besta umgjörð og stuðla að félagslegum, andlegum og líkamlegum þroska hvers einstaklings. Hins vegar er ekki hægt annað en lýsa nokkrum áhyggjum yfir varðandi framtíð sundiþróttarinnar á Selfossi með svo lítinn hóp iðkenda sem stundar sundæfingar með reglubundnum hætti.



Mót og ferðir

Engir iðkendur fóru á Aldursflokkamót Íslands á Akureyri. Sunddeildin mætti á Aldursflokkamót HSK á Hvolsvelli 30. apríl 2011. Þar vann Hamar, en Ólöf Eir Hoffritz var með stíga-hæsta sundið. Sama var upp á teningnum á Héraðsmóti HSK í Hveragerði 26. maí 2011. Unglingamót HSK vann sunddeild Selfoss og þar fékk Elínborg Guðmundardóttir bætingabikarinn. Þórðarmótið var haldið 30. október og komu keppendur frá Hamri Hveragerði, Dímon Hvolsvelli og Grindavík. Ólöf Eir Hoffritz fékk Þórðarbikarinn. Farið var í hina hefðbundnu ferð í Prastarlund í sumar þar sem farið var í leiki og grillað. Ekki var farið í æfingabúðir á þessu hausti.

Félagslíf

Félagslíf innan deildarinnar hefur verið í lágmarki á þessu ári. Þrátt fyrir það er samheldni iðkendahópsins mikil og aðdáunarvert að sjá hve vel eldri iðkendur aðstoða þá yngri, jafnt á mótum sem æfingum. Hefðbundnir viðburðir eins og aðventuskemmtun og uppskeruhátíð hafa þó verið til staðar. Segja má að aðhaldssemi í rekstri hafi mótað félagslífið nokkuð en vegna fárra iðkenda er lítið fjárhagslegt svigrúm til þess að takast á við fjölbreytt verkefni sem þyrfti þó að vera raunin.

Áhaldakaup

Á árinu voru keyptir spaðar til notkunar við þjálfun.

Lokaorð

Þetta ár hefur gengið nokkuð vel hjá sunddeildinni og vil ég þakka öðrum stjórnarmeðlimum fyrir hversu vel þeir hafa staðið sig þar sem ég hef mest megnis verið fjarverandi þetta ár. En deildin er að styrkjast og hef ég fulla trú á því að komandi stjórn muni stjórna af eljusemi og dugnaði. Meirihluti barna og unglunga á Selfossi stundar skipulagt íþróttastarf sem hlýtur á allan hátt að koma okkur til góða er fram í sækir. Það er líka staðreynd að æfingagjöld hjá Umf. Selfoss eru lág sem kemur til vegna almennrar og góðrar þátttöku auk velvilja fyrirtækja sem styðja við starfið. Þá má ekki gleyma því mikla og góða starfi sem foreldrar og velunnarar félagsins leggja af mörkum.

Ég vil að lokum þakka stjórn og þjálfurum deildarinnar kærlega fyrir samstarfið sem hefur verið með mjög gott. Þá vil ég þakka Erni Guðnasyni, framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins og Hansínu Kristjánsdóttur, bókara Ungmennafélagsins gott samstarf og góða vinnu á þágu sunddeildarinnar.

Ég vil enn fremur þakka iðkendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sigríður Pálsdóttir, formaður sunddeildar

Þjálfaraskýrsla fyrir haustið 2011

Í haust tók Ragnar Jónasson við yfirþjálfarastöðunni af Bryndísi Ólafsdóttur. Starfið fór rólega af stað og hafði fækkað um nokkra iðkendur í deildinni frá því fyrir sumar- ið. Eftir því sem leið á haustið fór aftur að fjölga í deildinni, þó aðallega í yngri hópunum. Í lok ársins var fjöldi iðkenda kominn í fyrra horf, um 40 talsins.

Sundmót

Á haustinu sem leið var farið á þrjú sundmót, Haustmót Ármanns í Laugardalslaug, Þórðarmótið hér á Selfossi og unglíngamót HSK, sem einnig var haldið hér í sundhöllinni. Á haustmót Ármanns fóru sundmenn úr gull- og títan hópi um 7 talsins og náðu nánast allir persónulegum bætingum. Á hinum sundmótunum tveimur kepptu yngstu hóparnir einnig ásamt eldri hópunum. Þórðarbikarinn hlaut Ólöf Eir Hoffritz fyrir besta tímamót í 50m skriðsundi 33,21 sek. Unglingamót HSK sigraði sunddeild Umf. Selfoss með alls 75 stig. Elínborg Guðmundardóttir átti mestu bætingu milli ára þegar hún bætti sig um 36,09 sek í 50m skriðsundi og hlaut fyrir það bikar í verðlaun.

Æfingar

Með nýjum þjálfara koma nýjar áherslur. Í nóvember byrjuðu gull- og títan hópar í þreki úti íðu einu sinni í viku. Þar var lögð áhersla á að efla styrk og hreyfifroska með sér- völdum æfingum til að sundfólkið fengi meira vald yfir eigin líkama og gengi betur að athafna sig í lauginni. Á haustönn var Títan hópurinn að synda um 3300 m að jafn- aði á æfingu. Gull hópurinn synti aðeins minna eða um 70–80% af því sem títan hópurinn gerði að jafnaði.

Sundskólinn

Sundskóli deildarinnar var í umsjá Guðbjargar Hrefnu, eitt námskeið um vorið og annað um haustið, þar sem nokkrir hópar mættu einu sinni í viku í tvær vikur. Svo var Guggusund með hefðbundnu sniði þar sem Gugga er með 9–11 hópa að öllu jöfnu.

Flokkar deildarinnar

Í haust voru alls 5 flokkar í gangi í sunddeildinni: Kopar- hópurinn æfir hjá Guggu 2x í viku, 45 mínútur í senn. Brons- hópurinn er 2x í viku hjá Guggu og 1x í viku hjá Ragnari í 45 mínútur í senn. Gull- og Títan-hóparnir hafa verið saman á æfingum á sitthvorri brautinni, Gull 4x í viku, 60–70 mínútur í senn, og Títan 5x í viku, 70-90 mínútur í senn. Síðast en ekki síst hafa Garpar bæst í hópinn, en það eru þeir sem eru 25 ára og eldri. Þeir æfa eina klukkustund í viku á morgunæfingum kl. 5.30.

Ragnar Jónasson, yfirþjálfari



Skýrsla formanns

Starfið hjá deildinni byrjaði með krafti í janúar. Æfingar hófust í byrjun janúar og iðkendum fjölgaði ört í öllum flokkum. Við fjölguðum æfingartímum og Daníel sá um kynningar í skólum og víðar. Þessar kynningar skiluðu sér í nýjum iðkendum. Það er gaman að sjá aukningu iðkenda hjá fullorðnum og foreldrum yngri iðkenda.

Þátttaka í mótum

Taekwondodeildin tók þátt í Bikarmóti í bardaga í lðu 30. janúar. Frábær árangur náðist þar, 9 gull, 6 silfur og 10 brons. Varð deildin jafnframt í 1. sæti með 73 stig.

Svo var komið að Íslandsmótinu í bardaga 19. mars í Reykjavík. Taekwondodeild Selfoss skræði 21 keppenda á það mót og ætluðum við okkur stóra hluti þar. Á mótisdag um morgunin var 9 keppendum frá okkur vísað úr keppni á þeim forsendum að félagaskipti hefðu ekki farið fram innan réttta tímamarka. Þetta var mjög sárt fyrir okkur vegna þess að margir keppendur frá öðrum félögum voru í sömu stöðu og okkar keppendur, en þeir fengu að keppa á mótinu. Undirritaður er mjög stoltur af hinum keppendum frá Umf. Selfoss, vegna þess að þeir drógu sig úr keppni til að sýna samstöðu við þá níu sem var meinað að keppa. Við kærðum þetta til TKÍ og ÍSÍ en töpuðum því máli. En það er einn góður árangur sem náðist út úr þessu og það er að nú er TKÍ búíð að taka til í þessum reglum þannig að svona lagað á ekki að koma fyrir aftur. Ég vil þakka stjórn Umf. Selfoss og HSK fyrir stuðningin í þessu máli.

Sumarstarfið

Við tókum þátt í öllum viðburðum sem Umf. Selfoss og Árborg stóðu fyrir í sumar. Við fórum í taekwondoútilegu á Úlfjótuvatni í sumar og var það mjög gaman. Æfingar voru

í sumar þrisvar sinnum í viku og var vel mætt á þær, bæði byrjendur og lengra komnir. HSK-mótið var haldið á Hellu um sumarið og tókst það mjög vel.

Nýir iðkendur

Haustið byrjaði með trompi, fullt að nýjum iðkendum og eldri iðkendum. Æfingar voru á Selfossi, Stokkseyri og Hellu. Þá voru keppendur frá okkur á hinum ýmsu mótum. Gunna náði Íslandmeistartitli í formi í sínum flokki, Daníel, Ingibjörg og Davíð kepptu á Scandinavian Open. Daníel og Ingibjörg fengu gull og Davíð náði silfri, en Daníel var kjörin keppandi móttins. Stjórnin óskar þessu fólki innilega til hamingju með þessa frábæru árangra. Þau Daníel og Ingibjörg voru svo útnefnd taekwondofólk TKÍ og Árborgar.


Nýtt æfingahúsnaði

Af húsnæðismálum er það að fréttu að við erum loksins komin í okkar eigin sal í Baulu, með okkar dýnur, tól og tæki. Það verður vonandi til þess að deildin stækki og dafni enn frekar á næstu árum. Framundan á árinu 2012 er það helst að Taekwondo verður keppnisgrein á Unglingalandsmótinu hér á Selfossi um verslunarmannahelgina. Pétur Jensson tók að sér það verkefni að vera sérgreinastjóri á þessu móti. Vona ég að sem flestir iðkendur og foreldrar geti hjálpað til við þetta stóra verkefni.

Þakkir

Nú kveð ég, því ég mun ekki bjóða mig fram sem formaður áfram. Ég vil þakka meðstjórnendum og öllum iðkendum samstarfið á liðnum árum og óska jafnframt nýjum formanni velfarnaðar í starfi. Og að lokum segi ég:
Áfram Selfoss!

Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður



Árangur á mótum 2011

Norðlandamót Vejle Danmörku

Meisam Rafiei, einn af þjálfurum Selfoss, vann gull í -58 kg fl. fullorðinna.

Sparringmót Selfossi 30. janúar

Selfoss vann mótið, hlaut 74 stig. Næst komu UMFA með 44 stig, Fjölknir með 7, Bardagafélag Reykjavíkur (BR) með 7 og loks Þór Akureyri með 5 stig.

Úrslit:

Krakkar 1.

1. sæti Daniel Davíðsson
- 3.-4. sæti Sigurgrímur Vernharðsson

Krakkar 2.

1. sæti Bjarni Snær Gunnarsson

Krakkar 3.

- 3.-4. sæti Patrekur M. Jónsson

Krakkar 4.

1. sæti Leó Snær Róbertsson
2. sæti Matthías Sigvaldason

Krakkar 5.

- 3.-4. sæti Sindri Bjarnason

Krakkar 6.

1. sæti Nikulás Torfason
2. sæti Birgitta Tommýsdóttir Skille

Krakkar 7.

- 3.-4. sæti Dagný María Pétursdóttir

Krakkar 8.

- 3.-4. sæti Ómar Ómarsson

Krakkar 9.

1. sæti Davíð Arnar Pétursson

Krakkar 1.

1. sæti Tristan Magni Hauksson
2. sæti Haukur Steinn Jóhannsson

Unglingar stúlkur

1. sæti Árný Fjóra Ásmundsdóttir

Karlar 1.

1. sæti Jökull Logi
2. sæti Arnar Hlynur Gíslason
3. sæti Bjarni Þór Gylfason

Karlar 2.

2. sæti Þorvaldur Ó. Gunnarsson
- 3.-4. sæti Indriði Freyr Indriðason
- 3.-4. sæti Víðir Björgvinsson

Konur 1.

1. sæti Sigríður Eva Guðmundsd.
2. sæti Sunna Valdemarsdóttir
3. sæti Guðrún Vilmundardóttir

HSK- mót á Helli

Púmse börn lægri belti

2. sæti Lilja Hrafnís Magnúsdóttir

Púmse börn hærra belti

1. sæti Dagný María Pétursdóttir
2. sæti Helgi Idder
- 3.-4. sæti Gísli Rúnar Gíslason
- 3.-4. sæti Bjarni Snær

Púmse fullorðnir

1. sæti Hekla Þöll Stefánsdóttir
2. sæti Guðrún H. Vilmundardóttir
3. sæti Ísak Máni Stefánsson

Börn 3

1. sæti Sindri Víðisson Selfossi

Börn 4

1. sæti Lilja Hrafnís Magnúsdóttir

Börn 5

1. sæti Sindri Víðisson
2. sæti Sigurgrímur Vernharðsson

Börn 6

1. sæti Davíð Arnar Pétursson

2. sæti Nikulás Torfason

3. sæti Bjarni Snær

Börn 7

1. sæti Dagný María Pétursdóttir

2. sæti Haukur Jóhannsson

3. sæti Helgi Idder

Minior flokkar

1. sæti Hannes Orri Ásmundsson

2. sæti Guðbjörg Lára Vernharðsd.

- 3.-4. sæti Ísak Máni Stefánsson

- 3.-4. sæti Arnór Grímur

Karlar 1

2. sæti Bjarni Þór Gylfason

Karlar 2

1. sæti Þorvaldur Ó. Gunnarsson

2. sæti Arnar Freyr Indriðason

3. sæti Indriði Freyr Indriðason

Konur

1. sæti Árný Fjóra Ásmundsdóttir

2. sæti Sigríður E. Guðmundsdóttir

3. sæti Sunna Valdemarsdóttir

Íslandsmeistaramót í tækni

1. sæti Guðrún H. Vilmundardóttir

Scandinavian Open í sparring

5.-6. nóvember

Daníel Jens Pétursson, gull í -80 kg karlaflokki og var kosinn keppandi mótsins.

Davíð Arnar Pétursson, silfur í -33 kg kadettflokki.

Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, gull í juniorflokki kvenna.

Taekwondomaður og taekwondokona ársins 2011

Daníel Jens Pétursson var valinn taekwondomaður ársins 2011 af TSÍ. Ingibjörg Erla Grétarsdóttir var valin taekwondokona ársins 2011 af TSÍ.

Kraftlyftinganefnd



Skýrsla stjórnar

Fyrsti fundur Kraftlyftingarnefndar UMFS árið 2011 var haldinn þann 21. maí. Ný stjórn tók við og var hún þannig skipuð: Bryndís Ólafsdóttir, formaður, Axel Óli Ægisson, gjaldkeri, Rósa Birgisdóttir, ritari, Birgir Sólveigarson, meðstjórnandi og Ástmundur Sigmarrson, varamaður. Stjórnin fundaði þrisvar sinnum á árinu.

Kraftlyftinganefndin tók þátt í bæjarhátíðinni Kótelettni þar sem boðið var upp á litla kraftakeppni. Þar gafst bæjarbúum kostur á að keppa í nokkrum greinum. Þátttaka var frekar dræm.

Sótt var um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis um kaup á löggildri lyftingastöng. Var umsóknin samþykkt af ráðuneytinu.

Iðkendur sem æfðu kraftlyftingar á vegum nefndarinnar voru um 20. Þjálfari hefur verið Benedikt Magnússon og hefur verið boðið upp á æfingar fjórum sinnum í viku.

Mikill áhugi hefur verið á kraftlyftingum og nó nokkur vakning á meðal kvenna í greininni. Meðal annars fóru fjórar konur fyrir hönd nefndarinnar norður á Akureyri í júlí og tóku þar þátt í kvennamóti í kraftlyftingum. Árangur þeirra var nefndinni til sóma.

Kraftlyftinganefndin hélt eitt mót á árinu. Það var Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu sem haldi var í lðu á Selfossi í desember s.l. Þar átti nefndin átta keppendur sem allir stóðu sig með þrýði. Mótið heppnaðist vel og fékk nefndin hól frá Kraftlyftingarsambandi Íslands. Nefndin fékk styrki frá ýmsum aðilum og var því hægt að gera umgjörð mótsins sem besta. Þar var meðal annars boðið upp á súpu fyrir keppendur, sem var í fyrsta sinn sem boðið er upp á mat á keppnisstað.

Keppnisárangur

Árið 2011 bar margt í skauti sér í kraftlyftingunum á Selfossi. Nokkrir keppendur kepptu undir merkjum félagsins á árinu. Einn keppandi tók þátt í flestum mótum, en það var Rósa Birgisdóttir sem keppti á Bikarmóti í kraftlyftingum sem haldið var í Njarðvík í mars. Þetta var hennar fyrsta mót þar sem keppt var í öllum greinum í kraftlyftingum þ.e. hnébeggju, bekkpressu og réttstöðu. Næst tók svo við bekkpressumót sem haldið var í Kópavogi, en þar kepptu þrjár konur og einn karl fyrir hönd UMFS.

Mikill áhugi hefur kviknað í kringum bekkpressumótin. Konurnar komu sterkar inn þetta árið, og setti Rósa Birgisdóttir nokkur Íslandsmet bæði í réttstöðu og bekkpressu. Þrjár konur tóku þátt á Sunnumótinu á Akureyri og stóðu sig með stakri þrýði, en það mót er eingöngu fyrir konur. Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu var haldið af kraftlyftinganefndinni í desember 2011. Fékk nefndin mikið lof fyrir vel skipulagt mót. Þar átti kraftlyftinganefnd UMFS átta keppendur sem allir settu bæði persónuleg met og Íslandsmet.



Árið 2011 var eitt stærsta og umfangsmesta ár í rekstri íþróttavallarsvæðisins við Engjaveg, en starfsemi vallarins hefur aukist mikið síðustu 2–3 ár. Sveitarfélagið hefur átt mjög gott samstarf við Ungmennafélagið og m.a. mætt því með auknum fjárframlögum til reksturs vallarins.

Nýr frjálsíþróttavöllur

Nýr og glæsilegur frjálsíþróttavöllur var tekinn í notkun fyrri hluta árs. Æfingar frjálsíþróttafólks hófust um leið og veðurfar leyfði. Formleg vígsla var á Meistaramóti Íslands sem haldið var 23.–24. júní. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að aðstaða frjálsíþróttafólks til æfinga og keppni batnaði til mikilla muna og er aðstaðan nú orðin með þeim betri á landinu. Gengið var frá kastsvæði með þökulagningu, mól o.fl. Einnig var sett upp nýtt aðstöðuhús við enda hlaupabrautarinnar, en húsið er m.a. notað fyrir tímatökur, mótsstjórn o.fl.

Hefðbundin verkefni

Árið hófst með hefðbundnum verkefnum í upphafi árs sem fólst m.a. í því að hafa umsjón og eftirlit með vallarsvæðinu, sjá um þrif og hreinsun, auk ýmissa viðhaldsverkefna. Yfir sumartímann hefur verið unnið að því að undirbúa svæðið fyrir leiki, æfingar og mót. Einnig viðhaldi tækja og áhalda, ræstingu húsa og almennum þrifum og hreinsun. Golfklúbbur Selfoss sá um slátt og umhirðu grasvalla eins og síðastliðið ár.

Fastar æfingar allt árið

Allir flokkar knattspyrnudeildar, hafa æft á gervigrasvellinum allt árið. Meistaraflokkur æfði á grasæfingasvæðinu um leið og svæðin voru tilbúin í júní. Einnig nýttu eldri flokkarnir grasvöllina undir æfingar og leiki. Yngri flokkarnir voru nær eingöngu á gervigrasinu. Nýting þess var mjög góð allt árið og kom upphitunin sér mjög vel. Knattspyrnuakademía Íslands á Suðurlandi var með æfingar yfir vetrartímann tvisvar í viku fyrir hádegi. Var fyrri önnin eftir áramót og fram á vor og sú seinni frá hausti til áramóta.

Knattspyrnufélag Árborgar æfði einnig yfir vetrartímann á gervigrasinu og á æfingasvæðinu yfir sumartímann. Sumarið 2011 spiluðu þeir í 2. deild í fyrsta sinn í sögu félagsins. Umgjörð leikja þeirra stækkaði því í 2. deild spila 12 lið og

meiri kröfu eru gerðar.

Í apríl og maí og frá því í ágúst og fram eftir hausti komu oft krakkar úr grunnskólunum og voru með æfingar og leiki í umsjón íþróttakennara sinna. Nemendur Fjölbrotaskóla Suðurlands hafa einnig nýtt gervigrasvöllinn til æfinga og leikja. Þá kom hópur eldri spilara og lék listir sínar á gervigrasinu í hádeginu part úr árinu. Íþrótt- og tómskundaskóli Árborgar var starfræktur í júní, júlí og ágúst.

Tíbrá mikið notuð

Notkun félagsheimilisins Tíbrár hefur aldrei verið meiri en undanfarið ár. Fundum stjórnar, nefnda og ráða hefur fjölgað mikið og hafa báðir salirnir oft verið fullbókaðir heilu vikurnar. Fjóra daga í viku var boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir krakka í íþróttakademíunum. Fastir liðir eins og starfsemi jólasveinanevndar, Grýlupottahlaupið, Olísmótið og starfsemi getrauna voru á sínum stað.

Stöðug fjölgun

Notkun á íþróttavallarsvæðinu hefur aldrei verið meiri en árið 2011. Leikjum og æfingum hefur fjölgað og fjöldi áhorfenda margfaldast. Þrátt fyrir mikla notkun vallarsvæðisins hafa notendur ávallt verið tilbúnir til að hliðra til hver fyrir öðrum og tekið tillit til framkvæmda á svæðinu í hvívetna.

Helsta vandamál vallarsvæðisins hefur tengst skorti á búninga- og aðstöðu og var haft gott samstarf við íþróttahúsið lðu til að leysa þau mál sem best.

Búast má við því að árið 2012 verði mun stærra í rekstri íþróttavallarsvæðisins en árið á undan. Iðkendum hjá frjálsíþróttadeild og knattspyrnudeild hefur fjölgað til muna. Búast má við því að móta- og keppnishald deildanna eigi eftir að sprengja öll met. Auk hefðbundinna móta bætast við ný frjálsíþróttamót, meistaraflokkar karla og kvenna spila í Pepsi-deild, sem hefur í för með sér mikla fjölgun áhorfenda og svo verður Unglingalandmót UMFÍ haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina 2012. Búast má við miklum fjölda á það mót.

*Sveinbjörn Músson, vallerstjóri
Örn Guðnason, framkvæmdastjóri*

Íþróttá- og útivistarklúbburinn

Sumarið 2011

Íþróttá- og tómstundaskóli Ungmennafélags Selfoss og Árborgar var starfræktur sumarið 2011. Í boði voru fjögur námskeið yfir sumarið fyrir krakka fædda frá 2001–2006. Starfið hófst 7. júní og lauk 29. júlí en hvert námskeið var tvær vikur. Alls störfuðu 13 starfsmenn við skólann og var Stefán Árnason yfir skólanum. Aðrir starfsmenn voru á aldrinum 15-20 ára og höfðu þeir allir æft og/eða þjálfað hjá Ungmennafélagi Selfoss áður.

Íþróttaskólinn hafði aðstöðu í Sandvíkurskóla þar sem krakkarnir komu á morgnana, borðuðu nesti og hádegismat og voru sóttir síðar á daginn. Þar var einnig boðið upp á aukagæslu fyrir þá sem vildu koma áður eða eftir að námskeiðin byrjuðu. Aðstaðan þar var fín þó svo að skólinn væri aðeins frá þeim stöðum sem mesta starfsemi skólans yfir daginn er. Íþróttaskólinn fékk þar tvær stofur til afnota auk matsalrarins.

Aðsókn í námskeiðin var nokkuð góð, en þau voru misjafnlega sótt. Starfið þetta sumarið gekk vel og náðum við að búa til skemmtilega dagskrá í sameiningu með krökkun-

um. Íþróttaskólinn var bæði innan- og utanhúss og fór það svólítið eftir veðri hvar starfsemin var yfir daginn.

Á námskeiðunum voru hinar ýmsu íþróttir kynntar fyrir krökkunum og sérstaklega farið í þær íþróttir sem Ungmennafélagið Selfoss starfrækir. Í íþróttahúsi Vallaskóla gafst gott tækifæri til að fara í þær flestar. Gott veður var lengst af um sumarið og því auðveldlega hægt að bjóða upp á mikla útiveru. Utandyra gerðum við fjölmargt. Þar var, eins og inni í íþróttahúsinu, farið í mismunandi íþróttir, mikið af leikjum, hjólaferðir, ratleiki og sundferðir svo eitt-hvað sé nefnt. Í lok hvers námskeiðs var svo farið í ferðir. Þær voru annað hvort innanbæjar eða að farið var í heimasókn á staði í nágrenni Selfoss. Má þar nefna íþróttadag á Laugarvatni og heimasókn á Stokkseyri. Ferðirnar gáfust afar vel og voru mjög vinsælar hjá krökkunum.

Óhætt er því að hægt að segja að starfið hafi gengið vel sumarið 2011. Mikil ánægja var á meðal þeirra krakka sem sóttu námskeiðin sem er það sem skiptir öllu máli.

Stefán Árnason, skólastjóri

Jólasveina- og þrettándanefnd

35. starfsárið - 2011

Í nefndinni voru: Þórarinn Ingólfsson, Guðmundur, Þröstur og Svanur Ingvarsson.

Starfið hófst í desember með fundi í Tíbrá þar sem bún-ingar voru afhentir, farið yfir starfið og jólalögin sungin við undirleik okkar snjóllu harmónikkuleikara.

Jólasveinarnir komu yfir Ölfusárbrú laugardaginn 10. desember kl.16:00 og heilsuðu upp á bæjarbúa. Að þessu sinni var ekki staldrað við á Tryggvatorgi, heldur haldið rakleitt í Jólagaðinn sem var í bæjargaðinum í fyrsta sinn. Því voru hvorki Grýla, Leppalúði né önnur tröll með í för. Umgjörðin í Jólagaðinum var skemmtileg, en mörgum þótti eftirsjá í þeirri mögnuðu stund þegar jólasveinarnir koma yfir brúna á rútnni og mannfjöldinn bíður við brúarendann. Einnig þótti mörgum eftirsjá í umgjörðinni sem þar hefur verið boðið upp á, stutt í jólatréð og tröllin á þaki hótelsins. Að venju voru fagnaðarfundir er jólasveinarnir komu, enda tók þá drjúga stund að komast í gegnum mannfjöldann og tala við börnin. Það er sennilega einsdæmi á landinu sú mikla nálægð við jólasveinana sem börnin á Selfossi fá að njóta. Síðan var kveikt á jólatrénu í 21. sinn við þetta tækifæri. Áður en jólasveinarnir mættu var kórsöngur og ávörp flutt. Dagskráin gekk fljótt og vel fyrir sig við söng og dans í fallega skreyttum miðbænum.

Það voru um 33 ungmennafélagar sem brugðu sér í búning einu sinni eða oftar um þessi jól, enda var mikið að gera. Að frátalinni innkomunni, aðfangadegi og þrettándanum, fóru bræðurnir á 31 jólaskemmtun hverskonar, sem er aukning frá því í fyrra. Á aðfangadagsmorgun voru 29 jólasveinar á ferð um bæinn og afhentu pakka í um 240 húsum, sem er heldur meira en undanfarin ár en þó nánast sami fjöldi og í fyrra.

Þrettándagleðin fór fram í frábæru veðri, logni og 2–3° hita, þrátt fyrir slæmt veðurútlit. Grýla, Leppalúði, Leppur og Skreppur voru í fararbroddi á vagninum góða og spiluð þrettándatónlist af disk. Álfabrennan var í 8. sinn á tjaldstæðinu við Gesthús. Flugeldasýningin var glæsileg sem Björgunarsveitin aðstoðaði við í 10. sinn og lánaði til þess rafbúnað. Ungmennafélagar voru 32 sem sinntu hinum ýmsu störfum þetta kvöld við þrettándahátíðarhöldin.

Jólasveina- og þrettándanefndin þakkar öllum þeim sem komu að starfinu á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir eru til bæjarbúa fyrir góðar undirtektir.

*F.h. jólasveina- og þrettándanefndar,
Svanur Ingvarsson*



Tillaga um skipan afmælisnefndar sem skyldi sjá um undirbúning 75 ára afmælis Ungmennafélags Selfoss var samþykkt á aðalfundi félagsins 2007. Önnur tillaga um formlega skipan nefndarinnar var síðan samþykkt á aðalfundi 2009. Í nefndinni sátu Kristinn M. Bárðarson formaður, Bárður Guðmundarson, Bogi Karlsson, Elinborg Gunnarsdóttir og Guðmundur Kr. Jónsson.

Nefndin hélt nokkra undirbúningsfundir á árinu 2009, en hóf störf af fullum krafti í byrjun afmælisársins 2011. Fundað var einu sinni í viku, en er nær dró afmælinu var fundað oftar. Alls voru haldnir 28 formlegir fundir. Auk þess voru nefndarmenn í góðu og miklu tölvusambandi.

Mesta vinna nefndarmanna lá í afmælisritinu Braga, en mjög vel tókst til með ritið og hafa nefndarmenn fengið hrós fyrir blaðið. Ber helst að þakka formanni nefndarinnar, Kristni M. Bárðarsyni, Erni Guðnasyni, framkvæmdastjóra félagsins og Gunnari Gunnarssyni, prófarkarlesara, sem lögðu mikið á sig við undirbúning og vinnu við blaðið.

Fljótlega var ákveðið að vinna út frá þeirri hugmynd að tvískipta afmælishátíðinni þ.e. að halda afmælishóf þar sem gestum væri boðið sérstaklega og síðan að halda grill, gleði og glens fyrir yngri kynslóðina á íþróttavellinum.

Afmælishófið var haldið í Fjölbrotaskóla Suðurlands miðvikudagskvöldið 1. júní. Björn Gíslason fyrrverandi formaður félagsins var veislustjóri og fórst það vel úr hendi. Félagið fékk margar hlýjar kveðjur og góðar gjafir. Nokkrir félagsmenn voru heiðraðir af UMFí og ÍSÍ. Stjórn Umf. Sel-

Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttgreinum skv. skilgreiningu ÍÓ eða annarri starfsemi sem samrýmist markmiðum íþrótt- og ungmennafélaganna. Framkvæmdastjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Skráin skal staðfest á aðalfundi. Til þess að deild teljist starfhæf skulu að jafnaði a.m.k. 20 félagar viðkomandi deildar hafa greitt félagsgjöld.

Komi fram skrifleg umsókn frá a.m.k. 20 sjálfráða einstaklingum um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal aðalstjórn félagsins standa fyrir stofnandi nýrrar deildar samkv. 13. gr. laga félagsins og leggja síðan fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar. Aðalstjórn getur þó veitt nýrri deild bráðabirgðaráðild fram að næsta aðalfundi.

11. grein.

Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð þrem til sjö mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og allt að fjórum meðstjórnendum. Deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skyld er að halda stjórnarfundum reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundum og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórnar.

Heimilt er að stofna unglingaráð innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglungum. Unglingaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglingaráðs. Halda skal fjárhag unglingaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 13. greinar laga þessara.

12. grein.

Stjórnir deilda skulu framfylgja samþykktum aðalfunda deilda og ráða daglegum rekstri þeirra, þar á meðal ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda nákvæmt félag- og iðkendatal samkvæmt lögum og reglum UMFÍ og ÍÓ. Hver deild skal skila aðalstjórn félagatali sínu fyrir 30. janúar ár hvert.

Rekstur deilda skal vera hallalaus á hverju ári. Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal framkvæmdastjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Aðalfundur deildar skal samþykka fjárhagsáætlun sem þarf að fá staðfestingu aðalfundar félagsins til að öðlast gildi. Deildum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlun nema með samþykki framkvæmdastjórnar.

Hver deild aflar fjár til sinnar starfsemi og hefur tekjur af:

- Árgjöldum deildar.
- Æfingagjöldum.
- Styrktarfélagsgjöldum.
- Ágöða af íþróttamótum viðkomandi deildar.
- Lottótekjum skv. skiptareglum og öðru fjármagni til skipta.
- Öðrum tekjuöflunarleiðum sem ekki rekast á við starf annarra deilda.

Deildarstjórn skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórn til birtingar í ársskýrslu félagsins.

13. grein.

Aðalfundir deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 31. mars fyrir liðið starfsár. Knattspyrnudeild skal þó heimilt að halda aðalfund á starfsárinu, eftir lok keppnistímabils að hausti, en þó eigi síðar en 15. nóvember og skal þá leggja fram níu mánaða milliuppgjör. Knattspyrnudeild er samt sem áður skylt að leggja fram endurskoðaðan ársreikning a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll lögboðin gjöld. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 15 ára aldri, nema til formanns og gjaldkera verða þeir að vera 18 ára. Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarblöðum og er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

- Formaður deildarinnar setur fundinn.
- Kosinn fundarstjóri.
- Kosinn fundarritari.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
- Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar.
- Gjaldkeri leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
- Stjórnarkjör:
 - Kosinn formaður.
 - Kosinn gjaldkeri
 - Kosinn ritari.
 - Kosnir meðstjórnendur, eftir ákvörðun fundarins.
- Önnur mál.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna

skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáið enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

14. grein.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

5. kafli – Aðalfundur Umf. Selfoss

15. grein.

Aðalfundur Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarblöðum með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Allir félagar 16 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og 18 ára og eldri til stjórnarstarfa í aðalstjórn. Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

1. Framkvæmdastjórn félagsins.
2. Formenn allra deilda félagsins.
3. Gjaldkerar deilda félagsins.
4. Auk þess samtals 30 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn deildar tilnefnið skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hverrar deildar á aldrinum 6 til 16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé á lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagaskráningakerfinu Felix.

Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði. Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktar á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Dagskrá aðalfundar Umf. Selfoss skal vera sem hér segir:

1. Formaður setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri og einn til vara.
3. Kosinn fundarritari og einn til vara.
4. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
6. Formaður flytur ársskýrslu félagsins.
7. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar.
8. Lagt fram álit kjörbréfanefndar.
9. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkeri og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.
10. Ávörp gesta.
11. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
12. Verðlaunaafhending og lýst kjöri íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss. Kaffihlé.
13. Umræður og afgangssla tillagna.
14. Lagabreytingar.
15. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.

16. Ákveðin árgjöld félagsins og deilda

17. Stjórnarkjör:

- a. Kosinn formaður.
- b. Kosinn gjaldkeri.
- c. Kosinn ritari.
- d. Kosnir tveir meðstjórnendur
- e. Kosnir 2 skoðunarmenn og tveir til vara.
- f. Kosning í jólasveina- og þrettánda-nefnd.

18. Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárliði með samþykki fundarins.

16. grein.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

17. grein.

Reikningsár félagsins og deilda þess er almanaksárið.

6. kafli. – Aðalstjórn og framkvæmdastjórn

18. grein.

Framkvæmdastjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur sem kjósa skal á aðalfundi félagsins ár hvert og mega þeir ekki einnig vera formenn deilda félagsins. Framkvæmdastjórn fer með hlutverk aðalstjórnar milli aðalstjórnarfunda.

19. grein.

Framkvæmdastjórn og formenn allra starfandi deilda, eða annar stjórnarmaður í föföllum fomanms, skipa aðalstjórn Umf. Selfoss. Aðalstjórn Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal að jafnaði funda mánaðarlega og skulu aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund. Halda skal sérstaka gjörðabók um aðalstjórnarfundi.

20. grein.

Aðalstjórn félagsins ber að framfylgja samþykktum aðalfundar, koma fram fyrir hönd félagsins, efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt. Aðalstjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármagns sem félagið hefur aflað og staðið sameiginlega að. Heimilt er aðalstjórn og framkvæmdastjórn félagsins að skipa nefndir sem hún telur þörf á.

7. kafli – Heiðursviðurkenningar

21. grein.

Aðalfundur getur kosið heiðursfélag Umf. Selfoss hvern þann sem unnið hefur afbragðs starf í þágu félagsins og er það æðsti heiður sem félagið veitir. Til kosningar heiðursfélaga þarf samþykki 2/3 hluta

greiddra atkvæða á aðalfundi. Heiðursfélagi skal afhentur heiðursfélagafáni Umf. Selfoss með áletrunni nafni. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum gjöldum til félagsins.

22. grein.

Eftirtaldir viðurkenningar skulu veittar eftir ákvörðun aðalstjórnar Umf. Selfoss: 1. Björns Blöndal bikar skal veittur þeim manni eða konu innan félagsins eða utan, sem unnið hefur félaginu vel. 2. UMFÍ bikarinn, „deild ársins“. Bikarinn er veittur fyrir mesta félagslega starfið. Aðal- og framkvæmdastjórn er heimilt að veita merki félagsins fyrir gott starf í þágu félagsins.

23. grein.

Deildir félagsins velja íþróttakarls og íþróttakonu ársins hver í sinni deild, setja reglur þar um og veita verðlaun. Deildir skulu skila tilnefningum íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss til aðalstjórnar eigi síðar en 31. desember. Með tilnefningum fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu.

Aðalstjórn félagsins skipar fimm manna valnefnd sem skal útnefna íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss. Hljóta þau til varðveislu farandgrip í eitt ár og að auki staðfestingargrip til eignar. Til greina koma eingöngu þeir sem tilnefndir hafa verið af deildum félagsins auk þeirra sem hafa náð framúrskarandi árangri þar sem ekki er starfandi deild.

Við valið skal tekið mið af eftirfarandi:

- a) Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
- b) Íþróttakarls og íþróttakona Umf. Selfoss þurfa að hafa náð 14 ára aldri.
- c) Stöðu viðkomandi íþróttagreinar.

8. kafli – Slit Umf. Selfoss

24. grein.

Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar íþróttakarls og tólmstundaneftir Árborgar til varðveislu.

9. kafli – Lagabreytingar og gildistaka

25. grein.

Lögum þessum má eingöngu breyta á lög- mættum aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær vera undirritaðar af flutnings- mönnum. Framkvæmdastjórn skal senda stjórn um deilda tillögur til lagabreytinga til kynningar a.m.k. 4 dögum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram, ef það er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

26. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafn- framt eldri lög félagsins úr gildi fallin.

Samþykkt á aðalfundi Umf. Selfoss hinn 28. apríl 2011.

Viðurkenningar á aðalfundi 26. apríl 2012

Íþróttamaður ársins 2011

Jón Daði Böðvarsson, knattspyrna

Aðrir íþróttamenn tilnefndir af deildum:
Atli Kristinsson, handknattleikur
Dagur Fannar Magnússon, frjálsar íþróttir
Daníel Jens Pétursson, taekwondo
Stefán Blackburn, kraftlyftingar
Þór Davíðsson, júdó

Íþróttakona ársins 2011

Fjóla Signý Hannesdóttir, frjálsar íþróttir

Aðrar íþróttakonur tilnefndar af deildum:
Guðmunda Brynja Óladóttir, knattspyrna
Helga Hjartardóttir, fimleikar
Hrafnhildur Hanna Prastardóttir, handkn.,
Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, taekwondo
Ólóf Eir Hoffritz, sund
Rósa Birgisdóttir, kraftlyftingar

Björns Blöndal bikarinn 2011

Hallur Halldórsson

UMFÍ bikarinn - deild ársins 2011

Knattspyrnudeild
- Fyrir öflugt starf meistaraflokka og unglíngaráðs.

Björns Blöndal bikarinn

2011 Hallur Halldórsson
2010 Helgi S. Haraldson
2009 Bergur Pálsson
2008 Þröstur Ingvarsson
2007 Jóhannes Óli Kjartansson
2006 Ragnheiður Thorlacius
2005 Sigríður Jensdóttir
2004 Bergur Guðmundsson
2003 Stefán Ólafsson
2002 Guðrún S. Þorsteinsdóttir
2001 Ólafur Ragnarsson
2000 Gylfi Þorkelsson
1999 Þórarinn Ingólfsson
1998 Ólafur Sigurðsson
1997 Svanur Ingvarsson
1996 Guðmunda Auðunsdóttir
1995 Garðar Gestsson
1994 Einar Jónsson
1993 Þórður G. Árnason
1992 Guðmundur Kr. Ingvarsson
1991 Gunnar Guðmundsson

1990 Smári Kristjánsson
1989 Gísli Á. Jónsson
1988 Aðalbjörg Hafsteinsdóttir
1987 Sveinn Á. Sigurðsson
1986 Ingvar Gunnlaugsson
1985 Bárður Guðmundsson
1984 Sigmundur Stefánsson
1983 Sigurður Jónsson
1982 Sigurður Ingimundarson
1981 Guðmundur Kr. Jónsson
1980 Kristján Jónsson
1979 Björn Gíslason
1978 Þórður Gunnarsson
1977 Hörður Óskarsson
1976 Páll Lýðsson

Bikarinn var gefinn af eftirlifandi systkinum Björns Blöndal, þann 27. nóvember 1976. Bikarinn skal veittur þeim einstaklingi innan félagsins eða utan sem hefur unnið félaginu vel.

Um bikarinn segir í ársskýrslu Umf. Selfoss 1976: „Sýning var haldin á verðlaunagripum félagsins og nýttkominni afmælisbók og tókst sýning þessi vel. Þá gerðist það á sýningu þessari, að eftirlifandi systkini Björns Blöndal gáfu félaginu sérstakan HEIÐURSBIKAR - Björns Blöndal bikarinn - sem veita skyldi árlega (farandgripur):
1. Þeim manni eða konu innan félagsins eða utan - virkur í starfi og sem að dómi stjórnar og deilda hefur unnið félaginu vel.
2. Gefendur bjóðast til að láta lettra á bikarinn nafn þess sem hlýtur hann ár hvert næstu 5 árin – eða til ársins 1981. Þá hlýtur og sá hinn sami heiðurspening til eignar.
Um þetta sér Lárus Blöndal, bókaverslunin Skólavörðustíg 2, Reykjavík.
3. Afhenda skal bikarinn 7. des. ár hvert (afmælisdag Björns heitins).“

UMFÍ bikarinn – Deild ársins

2011 Knattspyrnudeild - Fyrir öflugt starf meistaraflokka og unglíngaráðs.
2010 Júðódeild - Fyrir myndardeild ÍSÍ
2009 Taekwondodeild - Fyrir útbreiðslu, foreldrastarf og Fyrir myndardeild ÍSÍ.
2008 Knattspyrnudeild - Fyrir eflingu kvennaknattspyrnu og Fyrir myndardeild ÍSÍ
2007 Fimleikadeild - Fyrir myndardeild ÍSÍ
2006 Handknattleiksdeild - Fyrir stofnun handboltaakademíu og gott barna- og unglíngastarf.

2005 Sunddeild - Fyrir gott starf við heimasíðuna og barna- og unglíngastarf.
2004 Knattspyrnudeild – v/yngrí flokka
2003 Handknattleiksdeild – Fyrir gott félagsstarf
2002 Fimleikadeild
2001 Knattspyrnudeild
2000 Frjálsíþróttadeild
1999 Knattspyrnudeild
1998 Knattspyrnudeild
1997 Fimleikadeild
1996 Sunddeild

1995 Knattspyrnudeild

UMFÍ-bikarinn er veittur þeirri deild sem sýnir mesta félagslega starfið innan Umf. Selfoss. Bikarinn var gefinn af Ungmennafélagi Íslands á aðalfundi Umf. Selfoss 26. febrúar 1996. Kom hann í stað Hafsteinsbikarsins sem var tekinn úr umferð þá.

Hafsteins bikarinn

Handhafar Hafsteins bikarsins frá upphafi:
1994 Körfuknattleiksdeild
1993 Fimleikadeild
1992 Handknattleiksdeild
1991 Frjálsíþróttadeild
1990 Handknattleiksdeild
1989 Frjálsíþróttadeild
1988 Knattspyrnudeild
1987 Handknattleiksdeild

1986 Frjálsíþróttadeild
1985 Handknattleiksdeild
1984 Frjálsíþróttadeild
1983 Sunddeild
1982 Knattspyrnudeild
1981 Sunddeild
1980 Handknattleiksdeild
1979 Knattspyrnudeild
1978 Frjálsíþróttadeild

1977 Knattspyrnudeild
1976 Sunddeild

Hafsteins-bikarinn var veittur þeirri deild sem sýndi mesta félagslega starfið. Bikarinn gaf Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, félaginu að gjöf á aðalfundi þess 24. febrúar 1976.

Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar Umf. Selfoss

Heiðursfélagar Umf. Selfoss					
Bjarni Sigurgeirsson *	1. 6. 1971	Garðar Jónsson	30. 12. 1989	Sigurður Grétarsson	1. 6. 1986
Grimur Thorarensen *	1. 6. 1971	Sveinborg Jónsdóttir	30. 12. 1989	Gísli Á. Jónsson	1. 6. 1986
Guðmundur Jóhannsson *	1. 6. 1971	Gísli Á. Jónsson	1. 6. 2011	Gísli Magnússon	1. 6. 1986
Guðmundur Geir Ólafsson *	1. 6. 1976	Einar Jónsson	1. 6. 2011	Marteinn Sigurgeirsson	1. 6. 1986
Kolbeinn I. Kristinsson *	1. 6. 1976	Elínborg Gunnarsdóttir	1. 6. 2011	Hjalti Sigurðsson	1. 6. 1986
Sigfús Sigurðsson *	1. 6. 1976	Sveinn J. Sveinsson	1. 6. 2011	Tryggvi Gunnarsson	1. 6. 1986
Hörður S. Óskarsson	1. 6. 1986			Kári Jónsson	1. 6. 1986
Sigurður Ingimundarson *	4. 12. 1988	Silfurmerkjahafar Umf. Selfoss		Sumarliði Guðbjartsson	1. 6. 1986
Hafsteinn Þorvaldsson	3. 5. 2007	Guðmundur Geir Ólafsson	1. 6. 1971	Vésteinn Hafsteinsson	1. 6. 1986
Kristján S. Jónsson	3. 5. 2007	Helgi Ólafsson	1. 6. 1971	Þráinn Hafsteinsson	1. 6. 1986
Tómas Jónsson	3. 5. 2007	Kolbeinn I. Kristinsson	1. 6. 1971	Hugi Harðarson	1. 6. 1986
* Látinn.		Leifur Eyjólfsson	1. 6. 1971	Tryggvi Helgason	1. 6. 1986
		Sigfús Sigurðsson	1. 6. 1971	Þórir Hergeirsson	1. 6. 1986
Gullmerkjahafar Umf. Selfoss		Arnold Pétursson	1. 6. 1976	Diðrik Haraldsson	1. 6. 1986
Bárður Guðmundsson	1. 6. 1986	Árni Erlingsson	1. 6. 1976	Einar Jónsson	1. 6. 1986
Björn Gíslason	1. 6. 1986	Brynleifur Jónsson	1. 6. 1976	Einar Guðmundsson	1. 6. 2011
Guðmundur Kr. Jónsson	1. 6. 1986	Hafsteinn Sveinsson	1. 6. 1976	Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir	1. 6. 2011
Gylfi P. Gíslason	1. 6. 1986	Ingibjörg Sveinsdóttir	1. 6. 1976	Guðmundur Tryggvi Ólafsson	1. 6. 2011
Hafsteinn Þorvaldsson	1. 6. 1986	Ingólfur Bárðarson	1. 6. 1976	Hallur Halldórsson	1. 6. 2011
Helgi Björgvinsson	1. 6. 1986	Kristján Guðmundsson	1. 6. 1976	Helgi S. Haraldsson	1. 6. 2011
Hergeir Kristgeirsson	1. 6. 1986	Oddur Helgason	1. 6. 1976	Kristinn M. Bárðarson	1. 6. 2011
Hörður S. Óskarsson	1. 6. 1986	Sigurður Árnason	1. 6. 1976	Olga Bjarnadóttir	1. 6. 2011
Ingólfur Bárðarson	1. 6. 1986	Sveinn J. Sveinsson	1. 6. 1976	Ragnheiður Thorlacius	1. 6. 2011
Kristján Jónsson	1. 6. 1986	Elínborg Gunnarsdóttir	1. 6. 1986	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	1. 6. 2011
Páll Lyðsson	1. 6. 1986	Þórður Gunnarsson	1. 6. 1986	Svanur Ingvarsson	1. 6. 2011
Sigurður Ingimundarson	1. 6. 1986	Sigmundur Stefánsson	1. 6. 1986	Sveinn Jónsson	1. 6. 2011
Sigurður Jónsson	1. 6. 1986	Kristján Már Gunnarsson	1. 6. 1986	Þórarinn Ingólfsson	1. 6. 2011
Arnold Pétursson	30. 12. 1989	Guðmundur Kr. Ingvarsson	1. 6. 1986	Puríður Ingvarsdóttir	1. 6. 2011
		Bjarni Sigurjónsson	1. 6. 1986	Þróstur Ingvarsson	1. 6. 2011

Formenn Umf. Selfoss frá upphafi

1936	Vernharður Jónsson	1956–1958	Enginn kosinn, en Kristján Guðmundsson stýrði.	1984–1989	Björn Gíslason
1937	Björn Blöndal Guðmundsson	1959	Grimur Thorarensen	1990–1991	Elínborg Gunnarsdóttir
1938–1942	Grimur Thorarensen	1960–1961	Enginn kosinn.	1992–1995	Gísli Á. Jónsson
1943	Sigfús Sigurðsson	1962	Hafsteinn Þorvaldsson	1996	Gísli Á. Jónsson
1944–1945	Leifur Eyjólfsson	1963	Hörður S. Óskarsson		Þórður G. Árnason tók við á miðju ári.
1946	Arnold Pétursson kosinn en þaðst lausnar. Guðmundur Jónsson tók við.	1964	Sigfús Sigurðsson	1997–1998	Þórður G. Árnason
1947	Leifur Eyjólfsson	1965–1969	Kristján S. Jónsson	1999–2003	Sigurður Jónsson
1948	Helgi Ólafsson	1970–1976	Hörður S. Óskarsson	2004–2007	Þórir Haraldsson
1949–1952	Guðmundur Geir Ólafsson	1977–1979	Sigurður Jónsson	2008–2009	Axel Þór Gissurarson
1953–1954	Árni Guðmundsson	1980–1982	Sigmundur Stefánsson	2010–2011	Grimur Hergeirsson
1955	Hafsteinn Sveinsson	1983	Gunnar Kristjánsson		
			Bárður Guðmundsson tók við á miðju ári.		

Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi

2011	Jón Daði Böðvarsson	2003	Ívar Grétarsson	1987	Vésteinn Hafsteinsson
	Fjóra Signý Hannesdóttir	2002	Jóhann Ólafur Sigurðsson	1986	Vésteinn Hafsteinsson
2010	Ragnar Jóhannsson og Guðmunda Brynja Óladóttir	2001	Jón Guðbrandsson	1986	Vésteinn Hafsteinsson
2009	Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir	2000	Magnús Aron Hallgrímsson	1985	Birgitta Guðjónsdóttir
2008	Sævar Þór Gíslason og Katrín Ösp Jónasdóttir	1999	Friðfinnur Kristinsson	1984	Tryggvi Helgason
2007	Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir	1998	Magnús Aron Hallgrímsson	1983	Tryggvi Helgason
2006	Örn Davíðsson og Bergþóra Kristín Ingarsdóttir	1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	1982	Tryggvi Helgason
2005	Örn Davíðsson og Linda Ósk Þorvaldsdóttir	1996	Ingólfur Snorrason	1981	Tryggvi Helgason
2004	Hjalti Rúnar Oddsson og Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir	1995	Bjarni Skúlaon	1980	Hugi S. Harðarson
		1994	Ingólfur Snorrason	1979	Hugi S. Harðarson
		1993	Sigurður Valur Sveinsson	1978	Hugi S. Harðarson
		1992	Einar Gunnar Sigurðsson	1977	Hugi S. Harðarson
		1991	Einar Gunnar Sigurðsson	1976	Steinþór Guðjónsson
		1990	Einar Gunnar Sigurðsson		
		1989	Vésteinn Hafsteinsson		
		1988	Vésteinn Hafsteinsson		

Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2011

Fundargerð aðalfundar Ungmennafélags Selfoss sem haldinn var í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 28. apríl 2011 kl. 20:00.

1. Formaður félagsins, Grímur Hergeirsson, setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.
2. Fundarstjórnar voru kosnir Guðmundur Kr. Jónsson og Örn Guðnason til vara.
3. Fundarritarar voru kosnir Svanur Ingvarsson og Helena Sif Kristinsdóttir.
4. Í kjörbréfanefnd voru kosnir Sandra D. Gunnarsdóttir, Sveinbjörn Másson og Ragnheiður Thorlacius.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram til samþykktar. Fundargerðin er birt í ársskýrslunni og hefur auk þess verið aðgegnileg á heimasíðu félagsins frá því skömmu eftir aðalfund 2010. Ákveðið var að afgreiða fundargerðina síðar á fundinum.
6. Formaður flutti ársskýrslu félagsins. Grímur Hergeirsson flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu atriði er fram koma í ársskýrslu félagsins sem lögð var fram á fundinum. Hann þakkaði fráfarandi gjaldkera góð störf og sagði jafnframt að framtíð félagsins væri björt. Að lokum bað formaður fundarmenn að rísa úr sætum og minnast látins heiðursfélaga Umf. Selfoss, Kolbeins I. Kristinssonar, sem lést 30. nóvember 2010.

7. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar. Hansína Kristjánsdóttir gjaldkeri fór yfir helstu tölur ársreikninga félagsins. Sagði hún jafnframt að nú væri birtur í ársskýrslunni samstæðureikningur en það hefði ekki verið gert í nokkur ár. Niðurstaða hans sýndi rúmlega 4 millj. kr. hagnað þegar á heildina er litið. Lauk hún máli sínu með því að þakka gjaldkerum deilda og ráða fyrir gott samstarf og vonaðist til að eiga það áfram sem bókari félagsins.

Fundarstjóri fagnaði því að nú væri lagður fram samstæðureikningur sem hann sagði að gæfi góða mynd af heildarveltu félagsins.

8. Sandra D. Gunnarsdóttir lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa. Alls voru mættir 54 fulltrúar af 57 sem áttu rétt til setu á fundinum.
9. Engar umræður urðu um skýrslu formanns eða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða.

10. Ávörp gesta.

Fundarstjóri bar aðalfundinum kveðju frá formanni HSK sem ekki gat komið á fundinn.

Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs Árborgar, sagði að margt hefði breyst í þjóðfélaginu undanfarið, nú væru erfiðari tímar og fjárhagsstaða sveitarfélaga til framkvæmda væri ekki eins sterk. Hann ræddi um mikla uppbyggingu íþróttamannvirkja og sagði að aðstaðan á Selfossi væri einstök með íþróttamannvirki í hjarta bæjarins. Framundan væru tvö stór mót þ.e. Unglingalandsmót UMFÍ 2012 og Landsmót UMFÍ 2013 og að þeim fylgdi áframhaldandi uppbygging. Ræddi um gott samstarf Sveitarfélagsins og Ungmennafélagsins og minntist m.a. á uppbyggingu íþróttamannvirkja, skólamála og akademíur, og hvatagreiðslur, í því sambandi.

Hafsteinn Þorvaldsson, heiðursfélagi, tók til máls og þakkaði félaginu fyrir að halda aðalfundinn á 80 ára afmælisdegi sínum. Hann óskaði félaginu til hamingju með starfið og kvaðst vera ákaflega stoftur af því. Hann sagði jafnframt að stuðningur Sveitarfélagsins við Ungmennafélagið væri til fyrirmyndar. Ræddi um Unglingalandsmót og Landsmót sem væru framundan og að mikil tækifæri fælust í þeim, bæði fyrir bæjarfélagið og íþróttahreyfinguna. Sagði síðan að nú væru fyrirmyndareildir innan Umf. Selfoss orðnar sjö talsins sem væri einsdæmi á Íslandi.

11. Tillögur lagðar fyrir fundinn. Formaður las upp tillögurnar.

Tillaga 1.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 28. apríl 2011 þakkar öllum þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum. Einnig stuðningsaðilum, fyrirtækjum, Sveitarfélaginu Árborg, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.

Tillaga 2.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 28. apríl 2011 þakkar bæjarstjórn Árborgar veittan stuðning við starfsemi félagsins. Sérstakar þakkir eru færðar vegna framlags til fyrirmyndardeilda og meistaraflokka.

Tillaga 3.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 28. apríl 2011 fagnar þeim áfanga sem sveitarfélagið Árborg hefur náð við uppbyggingu íþróttasvæðisins við Engjaveg. Nýju vellirnir og mannvirkin hafa bætt verulega aðstöðu til knattspyrnu- og frjálsíþróttaiðkunar. Jafnframt er skorað á Sveitarfélagið að ljúka sem fyrst þeim áföngum sem eru eftir. Þá er bent á nauðsyn þess að reist verði knattspyrnuhús í fullri stærð, sundlaugarmannvirki endurbætt og að aðstaða fyrir júdó og taekwondo verði bætt. Auk þess sem fyrir-sjáanlegt er að þrátt fyrir tilkomu nýs íþróttahúss við Sunnulækjarskóla munu íþróttahús á staðnum ekki fullnægja þörfum félagsins fyrir æfingaaðstöðu innanhúss.

Tillaga 4.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 28. apríl 2011 tekur undir samþykkt 70. Íþróttáþings ÍSÍ um áfengisauglýsingar og hvetur deildir félagsins til beita sér gegn hvers konar áfengisauglýsingum í tengslum við íþróttastarf sem hvetja til neyslu áfengra drykkja.

Tillaga 5.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 28. apríl 2011 tekur undir samþykkt 70. Íþróttáþings ÍSÍ um tóbaksnotkun og hvetur alla aðildarfélaga, deildir, unglingaráð og nefndir til að halda á lofti áróðri og beita sér af alefli gegn allri tóbaksnotkun og annarri notkun fíkniefna í tengslum við íþróttaiðkun á vegum félagsins. Óásættanlegt er að fíkniefni hverju nafni sem þau nefnast séu notuð í tengslum við íþróttaiðkun af iðkendum, þjálfurum eða öðrum sem koma að skipulögðu starfi félagsins.

Greinargerð:

Í stefnuýfirlýsingu ÍSÍ og forvarnastefnu Umf. Selfoss þar sem fjallað er um forvarnir og fíkniefni kemur skýrt fram að neysla áfengis, tóbaks eða annarra fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttar. Það er því keppikefli fyrir íþróttahreyfinguna að vinna með markvissum hætti að forvörnum innan síns vettvangs. Allir sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna bera ábyrgð sem fyrirmyndir barna og ungmenna, ekki síst þjálfarar og afreksfólk. Rannsóknir sýna að neysla munntóbaks hefst oft vegna hópprýstings og fyrirmynda. Komið hefur fram í rannsóknum að munntóbaksneytendum er hættara við meiðslum en þeim sem ekki nota munntóbak. Mikilvægt er að allir virði lög og reglur Umf. Selfoss þar sem m.a. kemur fram að öll neysla vímuefna hvers konar er bönnuð í tengslum við æfingar, fjölskyldumót og keppnir á vegum félagsins.

Breytingatillaga við tillögu 3.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 28. apríl 2011 fagnar þeim áfanga sem sveitarfélagið Árborg hefur náð við uppbyggingu íþróttasvæðisins við Engjaveg. Nýju vellirnir og mannvirkin hafa bætt verulega aðstöðu til knattspyrnu- og frjálsíþróttaiðkunar. Jafnframt er skorað á Sveitarfélagið að ljúka sem fyrst þeim áföngum sem eru eftir. Þá er bent á nauðsyn þess að reist verði knattspyrnuhús í fullri stærð, sundlaugarmannvirki endurbætt og að aðstaða fyrir júdó og taekwondo verði bætt. Einnig að komið verði upp húsnæði við mótókrossbrautina með snyrtiaðstöðu og aðstöðu til búningaskipta. Auk þess sem fyrir-sjáanlegt er að þrátt fyrir tilkomu nýs íþróttahúss við Sunnulækjarskóla munu íþróttahús á staðnum ekki fullnægja þörfum félagsins fyrir æfingaaðstöðu innanhúss.

F.h. mótókrossdeildar,
Magnús Ragnar Magnússon.

Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2011

12. Verðlaunaafhending

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu viðurkenningar.

- Helgi S. Haraldsson fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.
- Júdódeild fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins.
- Hafsteini Þorvaldssyni var veittur blómvöndur í tilefni 80 ára afmælis.

Kaffihlé

12. Verðlaunaafhendingu framhaldið

- Guðmunda Brynja Óladóttir, knattspyrnuakona, fékk afhentan bikar sem íþróttakona Umf. Selfoss 2010 og Ragnar Jóhannsson, handknattleiksmaður, fékk afhentan bikar sem íþróttakarl Umf. Selfoss 2010.

13. Umræður og afgreiðsla tillagna.

Engar umræður urðu um fram komnar tillögur og voru þær síðan allar samþykktar samhljóða.

Fundargerð síðasta aðalfundar borin upp og samþykkt samhljóða.

14. Lagabreytingar.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að tvær lagabreytingar yrðu teknar fyrir á fundinum.

Tillaga 6.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 28. apríl 2011, samþykkir, skv. 25. grein laga félagsins, að taka til umfjöllunar tillögu 7 og tillögu 8 sem fjalla um lagabreytingar.

Var tillaga 6 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Lagði hann síðan fram eftirfarandi lagabreytingar:

Tillaga 7

Núverandi grein:

3. grein.

Keppnisbúningur og æfingabúningur félagsins skal vera í vínrauð-um og hvítum aðallitum með hvítri áletrun og merki félagsins í vinstri barmi. Hverri deild innan félagsins er heimilt að útfæra ofangreinda aðalliti á keppnisbúningum að eigin vild, en þó fá staðfestingu aðalstjórnar. Heimilt er hverri deild að setja á aðra búninga en keppnisbúninga, táknmerki viðkomandi deildar og stofnár.

Tillaga að nýrri grein:

3. grein.

Keppnisbúningur og æfingabúningur félagsins skal vera í vínrauð-um og hvítum aðallitum með hvítri áletrun og merki félagsins í vinstri barmi. Félagsgalli skal vera með vínrauðum aðallit og merki félagsins í vinstri barmi. Hverri deild innan félagsins er heimilt að útfæra ofangreinda aðalliti á keppnisbúningum að eigin vild, en þó fá staðfestingu aðalstjórnar. Deildum er heimilt að útfæra æfingafatnað að eigin vild, en þó fá samþykki aðalstjórnar. Heimilt er hverri deild að setja á aðra búninga en keppnisbúninga, táknmerki viðkomandi deildar og stofnár.

Tillaga 8

Núverandi grein:

Hluti úr. 15. grein

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir 50 félagar:

1. Framkvæmdastjórn félagsins.
2. Formenn allra deilda félagsins.
3. Auk þess samtals 43 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn tilnefnir skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hverrar deildar á aldrinum 6-16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagakerfi. Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði. Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Tillaga að nýrri grein:

Hluti úr. 15. grein

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

1. Framkvæmdastjórn félagsins.
2. Formenn allra deilda félagsins.
3. Gjaldkerar allra deilda félagsins
4. Auk þess samtals 30 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn tilnefnir skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hverrar deildar á aldrinum 6-16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagakerfi. Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði. Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Eiríkur Sigurjónsson tók til máls og lagði til að tillaga 7 yrði felld.

Var ósammála því að gerðar yrðu breytingar varðandi vínrauða litinn sem væri litur félagsins.

Elínborg Gunnarsdóttir tók til máls og hvatti deildir félagsins til að sína metnað og vera samstíga í því að nota vínrauða litinn á alla keppnisbúninga og þar sem hópar á vegum félagsins kæmu fram.

Tillaga 7 var borin undir atkvæði og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Engar umræður urðu um tillögu 8 og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

15. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar var borin upp og samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlanir deilda voru staðfestar.

16. Tillaga um að árgjald verði 2.000 kr. var borin upp og samþykkt samhljóða.

17. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:

Formaður: Grímur Hergeirsson.

Gjaldkeri: Hröðný Hanna Hauksdóttir.

Ritari: Sandra D. Gunnarsdóttir

Meðstjórnendur: Sveinn Jónsson og Jóhannes Óli Kjartansson.

Eftirfarandi tillaga um tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara var samþykkt samhljóða:

Brynja Hjálmtýsdóttir og Helga Baldursdóttir.

Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Eftirfarandi tillaga um skipan jólasveina- og þrettándanefndar var samþykkt: Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

18. Önnur mál.

Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar, tók til máls og byrjaði á að þakka þann heiður sem honum væri sýndur með því að veita honum Björns Blöndals bikarinn. Hann ræddi um nýjan frjálsíþróttavöll sem verður formlega tekinn í notkun í vor og sagði jafnframt að völlumurinn yrði einn fullkomnasti völlum landsins. Nú þegar væri búið að skipuleggja nokkur stór mót á honum í sumar. Möguleikar til mótahalds væru margir. Minnst einnig á Unglingalandsmót 2012 og Landsmót 2013 og hvatti fólk til að taka höndum saman um að gera þau sem glæsilegur. Fjöldi gesta kæmi á Selfoss og að við yrðum að sýna gestrisni og nýta þau tækifæri sem skapast. Þá lýsti hann yfir ánægju sinni með gott samstarf og samráð bæjaryfirvalda og Ungmennafélagsins varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Grímur Hergeirsson formaður þakkaði traustið sem honum væri sýnt. Þakkaði einnig fráfarandi gjaldkera Hansínu Kristjánsdóttur góð störf. Þá bauð hann nýjan gjaldkera Hröðný H. Hauksdóttur jafnframt velkomina í stjórnina og vænti góðs af störfum hennar. Óskaði Jóhannesi Óla Kjartanssyni meðstjórnanda til hamingju með afmælið sem væri í dag.

Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2011

Guðmundur Kr. Jónsson óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Ræddi um deildaskiptingu félagsins sem á sínum tíma hefði verið til góðs og góða fjárhagsstöðu félagsins í heild sinni. Ræddi um nýja aðstöðu á frjálsíþróttavellinum og hvatti almenning til að nýta sér hana.

Björn Gíslason, fyrrverandi formaður, ræddi um merki félagsins sem hann er höfundur að. Sagði frá tilurð þess 1966 og kvaðst ánægður með notkun þess í dag. Merkið væri stílhreint og fallegt og stæði ávallt fyrir sínu. Sagði einnig að vínráði liturinn væri mjög fallegur og hvatti fólk til að nota hann sem mest. Ræddi síðan íþróttasöguna lítillga í sögulegu samhengi, íþróttavöllur hefði verið tekinn í notkun 1950, sundlaug 1960 og grasvöllur 1965. Allt hefði þetta orðið til fyrir þrýsting frá Ungmennafélaginu. Sagði hann að framtíð félagsins í dag væri björt og hvatti menn til að halda áfram á sömu braut. Fundarstjóri bar upp fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt samhljóða.

Örn Guðnason, framkvæmdastjóri félagsins, tók til máls og ræddi m.a. um merki félagsins. Sagði hann að í leit sinni að höfundi merkisins hefði fyrsti maðurinn sem hann spurði verið hönnuður-

inn sjálfur. Hann bað félagsmenn að hugleiða vel tillögur um bann við áfengisauglýsingum og tóbaksnotkun sem hefðu verið samþykktar á fundinum. Félagið gegndi mikilvægu hlutverki í forvarnastarfi í sveitarfélaginu. Hann ræddi um 75 ára afmæli félagsins og hvatti deildir til að taka myndarlega þátt í afmælisdeginum sem væri 1. júní næstkomandi. Að lokum hrósaði hann félagsmönnum sem mættu á aðalfundinn fyrir frábær störf í þágu félagsins og sagði að ásýnd og árangur félagsins væri þeim að þakka. Þeirra framlag til samfélagsins væri ómetanlegt. Hvatti hann alla til að nota H-vítamínið óspart þ.e. að hrósa hvert öðru. Jafnframt hvatti hann íþróttafólkið til að vera góðar fyrirmyndir og setja sér enn hærri markmið.

Að lokum tók fundarstjóri til máls og minnti á að 1. Grýlupottahlaupið væri laugardaginn 30. apríl. Einnig sagði hann frá störfum afmælisnefndar og hvatti deildir til að skila tímanlega efni í afmælisblaðið. Síðan þakkaði hann sunddeildinni fyrir frábærar veitingar og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 22:29.
SI/HSK/ÖG

Veistu hvað þú
eyðir miðað við aðra?



MENIGA | Heimilisbókhald Íslandsbanka

Meniga er eina heimilisbókhaldið sem gerir þér kleift að bera útgjöld þín saman við útgjöld annarra notenda.

Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki